

## Helstu niðurstöður manntals 2011

### *Census 2011 — Main results*

#### *Samantekt*

Hinn 31. desember 2011 tók Hagstofa Ísland fyrsta rafræna manntalið á Íslandi. Manntalið er að öllu leyti sambærilegt við manntal sem tekið hefur verið í öllum Evrópulöndum og var gerð þess styrkt af Evrópusambandinu. Í þessu Hag-tíðindariti er gerð grein fyrir helstu niðurstöðum manntalsins, en frekari sundur-liðanir og nánari umfjöllun um einstaka efnisatriði verða tekin saman og birt á næstu mánuðum og misserum.

Manntal er skipulegt safn upplýsinga um einstaklinga og húsnæði sem þjónar því markmiði að veita tölulegar upplýsingar um lýðfræðilegar, félagslegar, hag-rænar og svæðabundnar aðstæður landsmanna í einu gagnasafni. Með mann-talinu 31. desember 2011 fást upplýsingar sem ekki hafa legið fyrir áður um fjölskyldur, heimili og húsnæði þeirra og umráðarétt yfir því. Þá fást ítarlegar upplýsingar um menntunarstig þjóðarinnar ásamt gögnum um atvinnuþátttöku sem hægt verður að sundurliða eftir svæðum og mörgum öðrum þáttum sem ekki hefur verið gerlegt þegar upplýsingarnar eru byggðar á úrtaksrannsóknunum. Þessar upplýsingar hafa ekki legið fyrir síðan manntöl voru gerð reglulega í upphafi hvers áratugar en síðast voru birtar niðurstöður manntals ársins 1960.

Af helstu niðurstöðum má nefna að mannfjöldinn 31. desember 2011 var 315.556 manns, sem skiptust í 118.617 einkaheimili, en auk þess voru 8.158 einstaklingar á stofnunum eða heimilislausir. Mannfjöldinn skiptist ennfremur í 81.380 fjölskyldur auk 60.454 karla og kvenna sem stóðu utan við fjölskyldu-kjarna. Alls voru taldar 117.939 hefðbundnar íbúðir sem voru í notkun, en auk þess 8.273 slíkar íbúðir sem ekki voru nýttar til búsetu, sem jafngildir 6,6% af heildarfjölda hefðbundins íbúðarhúsnæðis.

Af 249.841 einstaklingi 15 ára og eldri hafa 60.922 eða 24,4% lokið háskólaprófi sem hæstu menntun, en 86.087 (34,5%) lokið námi á framhaldsskólastigi. Alls voru 166.184 við störf, 85.961 karl og 80.223 konur, þar af þrjú fjórðu hlutar við þjónustugreinar af ýmsu tagi.

### Inngangur

#### *Manntalið 2011*

Niðurstöður þessa hagtíðindaheftis byggja á manntali sem tekið var á Íslandi með 31. desember 2011 sem viðmiðunardag. Manntalið, sem jafnframt er skýrslugerð um íbúðarhúsnæði á Íslandi og hagnýtingu þess, hefur mikla sérstöðu í sögu ís-lenskra manntala. Í fyrsta sinn eru rafræn opinber gögn undirstaða upplýsinga-söfnunar Hagstofunnar við manntalsgerð í stað eyðublaða sem landsmönnum bar að skila útfylltum fyrr á tímum. Elsta manntalið sem varðveist hefur um Íslendinga var tekið fyrir rúmlega þrjú hundruð árum, árið 1703. Það er um leið elsta varð-veitta manntalið í heiminum sem nær til heillar þjóðar. Frá þeim tíma til dagsins í dag hafa rúmlega 20 manntöl verið tekin á Íslandi með því að gengið var í hús með

eyðublöð og þeim síðan skilað útfylltum til yfirvalda til tölfræðilegrar úrvinnslu. Telja má að saga hefðbundinna manntala á grundvelli upplýsinga af eyðublöðum sé nú liðin tíð á Íslandi. Margt er þó áfram sameiginlegt hefðbundnu og rafrænu manntali hvað upplýsingagildi snertir en sparnaðurinn við að taka rafrænt manntal umfram hefðbundið er mikill og gerði manntalið 2011 í raun framkvæmanlegt fyrir Hagstofuna.

*Hvað er manntal?* Manntal er skipulegt safn upplýsinga um einstaklinga og íbúðarhúsnæði sem þjónar því markmiði að veita tölulegar upplýsingar um lýðfræðilegar, félagslegar, hagrænar og svæðabundnar aðstæður landsmanna. Manntal þykir afar gagnleg heimild fyrir fjölmarga aðila sem þurfa á sundurliðuðum upplýsingum að halda um íbúana. Mikilvægt er að hafa í huga að þarfirnar fyrir upplýsingar í manntölum hafa breyst gegnum tíðina og að mörgu leyti er manntal á hverjum tíma einstök framkvæmd. Aðdragandinn að töku manntalsins 2011 er hér engin undantekning og mörg nýmæli mótuðust við undirbúning þess. Það sem hafði afgerandi áhrif á töku manntals á Íslandi í þetta sinn voru tilmæli Sameinuðu þjóðanna í þá veru og skuldbindandi ákvörðun Evrópusambandsins um töku manntals í aðildarlöndum þess. Sú ákvörðun var hluti af opinberri hagskýrslugerð á Evrópska efnahagssvæðinu sem Ísland er formlegur hluti af gegnum EES-samninginn.

*Notendur manntala* Meðal helstu notenda manntala eru skipulagsyfirvöld, sveitarfélög, stjórnvísla, menntastofnanir og allir þeir aðilar sem stunda rannsóknir á íslensku samfélagi, vinnumarkaði og hagrænum þáttum. Þetta hefti Hagtíðinda er fyrsta opinbera birtingin á niðurstöðum manntalsins á Íslandi 2011 og gerir grein fyrir helstu niðurstöðum þess. Birtingin veitir fyrst og fremst innsýn í helstu efnisþætti sem manntalinu var gert að leita svara við með samræmdum hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Á næstu mánuðum og misserum verður gerð nánari grein fyrir niðurstöðum manntalsins bæði með aðgangi almennings að gögnum í ýmsum sundurliðunum umfram þær sem hér birtast auk þess sem fleiri greinargerðir eru væntanlegar frá Hagstofunni á næstunni.

## Mannfjöldi, fjölskyldur og heimili

Mannfjöldi samkvæmt manntali 31. desember 2011 var 315.556 sem skiptist í 158.147 karla og 157.409 konur. Manntalið 2011 skráir einstaklinga á grundvelli hugtaksins *vanaleg búseta* og er þá átt við þann stað þar sem einstaklingur dvelur að öllu jöfnu sér til hvíldar og nætursvefns án tillits til tímabundinnar fjarveru um skamma hríð (sjá nánari skilgreiningu aftar í þessu riti).

**Tafla 1. Mannfjöldi eftir kyni og aldri 31. desember 2011**

*Table 1. Population by sex and age 31 December 2011*

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Alls Total</b>	<b>315.556</b>	<b>158.147</b>	<b>157.409</b>
undir 15 ára <i>under 15 years</i>	65.715	33.589	32.126
15 til 29 ára <i>15 to 29 years</i>	68.139	34.822	33.317
30 til 49 ára <i>30 to 49 years</i>	85.145	42.739	42.406
50 til 64 ára <i>50 to 64 years</i>	56.275	28.355	27.920
65 til 84 ára <i>65 to 84 years</i>	35.140	16.765	18.375
85 ára og eldri <i>85 years and over</i>	5.142	1.877	3.265

*Mismunur mannfjöldatalna*

Til samanburðar ber að hafa í huga að mannfjöldatölur Hagstofunnar, sem byggja í meginatriðum á þjóðskrá, leiða í ljós að 1. janúar 2012 reyndist mannfjöldi með skráð lögheimili á Íslandi vera samtals 319.575 manns, 160.364 karlar og 159.211 konur. Mannfjöldatölur voru því hærri en niðurstöður manntals sem nemur 4.019 manns, þar af voru karlar 2.217 fleiri og konur 1.802 fleiri. Meginskýringin liggur í mismunandi skilgreiningum og skráningaratriðum samanber töflu 6. Mestu munar um námsmenn og börn þeirra með búsetu utan Norðurlandanna sem hafa rétt samkvæmt lögum til að skrá lögheimili sitt á Íslandi meðan á námi stendur. Að auki eru tæplega tvö þúsund manns skráðir í þjóðskrá þrátt fyrir að flest bendi til þess að þeir séu ekki búsettir hérlendis.

**Fjölskyldur**

Hugtakið fjölskyldukjarni nær til tveggja eða fleiri einstaklinga sem búa saman og eru tengdir fjölskylduböndum sem makar eða sem foreldri og barn. Því getur fjölskylda verið barnlaust par eða par með eitt eða fleiri börn eða einstætt foreldri með eitt eða fleiri börn. Veigamikill munur felst í fjölskyldukjarna samkvæmt manntalinu og kjarnafjölskyldu sem mannfjöldatölur Hagstofunnar byggja á. Aldur barna setur fjölskyldukjörnum engar skorður í manntalinu 2011 samanborið við almanna-skráningu þjóðskrár þegar ungmenni teljast utan kjarnafjölskyldu við það að ná 18 ára aldri. Til einföldunar má halda því fram að manntalið leggi félagsfræðilegan skilning í hugtakið fjölskylda á meðan mannfjöldatölur byggja á lögheimilisskráningu þjóðskrár sem tekur mið af þörfum stjórnsýslunnar fyrir skráningu á lögformlegum réttindum íbúanna.

Heildarfjöldi fjölskyldukjarna samkvæmt manntalinu var 81.380 með alls 255.102 íbúa sem jafngilti 80,4% landsmanna. Skoða má fjölskyldugerðir í manntalinu eftir fjölda einstaklinga og þar með finna út hver sé meðalstærð hvernar einingar.

**Tafla 2. Fjölskyldur eftir fjölskyldugerð 31. desember 2011***Table 2. Families by type of family 31 December 2011*


	Fjölskyldukjarnar <i>Family nuclei</i>	Einstaklingar <i>Persons</i>
<b>Alls Total</b>	<b>81.380</b>	<b>255.102</b>
Hjónafjölskyldur <i>Married couple families</i>	51.628	166.521
Sambúðarfjölskyldur <i>Consensual union couple families</i>	13.800	48.439
Feður með börn <i>Lone father families</i>	2.163	4.959
Mæður með börn <i>Lone mother families</i>	13.789	35.183
Fjölskyldur með börn undir 25 ára <i>Families with children under 25 years</i>	54.222	197.233

*Meðalfjölskyldustærð*

Meðalfjöldi í fjölskyldukjörnum alls var 3,13 einstaklingar, þar af voru 3,23 einstaklingar í hjónabandi með og án barna. Meðalstærð fjölskyldna sambúðarfólks var 3,51 á móti 2,55 hjá einstæðum mæðrum og 2,29 hjá einstæðum feðrum. Ef allar barnafjölskyldur með börn undir 25 ára aldri eru taldar saman reyndust þær vera 54.222 með 197.233 einstaklingum. Meðalstærð þeirra var því 3,64 einstaklingar.

### Mynd 1. Meðalstærð fjölskyldukjarna eftir fjölskyldugerð 31. desember 2011

Figure 1. Persons in family nuclei by type of family 31 December 2011




Gagnlegt er að geta greint á milli stöðu fólks í fjölskyldu annars vegar og lagalegrar hjúskaparstöðu þess hins vegar. Með því að horfa sérstaklega á fjölskyldukjarna og bera saman tölur út frá þessum tveimur sjónarhornum má fá upplýsingar um fjölda fólks eftir hjúskaparstétt.

Af þeim 27.600 körlum og konum sem voru í sambúð höfðu 24.342 aldrei gifst, 166 voru ekkjur eða ekklar og 2.943 einstaklingar voru fráskildir þegar horft er á lagalega hjúskaparstöðu. (Tafla 10.)

### Mynd 2. Sambúðarfólk eftir hjúskaparstöðu og kyni 31. desember 2011

Figure 2. Persons in consensual union by marital status and sex 31 December 2011




Með hliðstæðum hætti má sjá að af 15.952 einstæðum foreldrum höfðu 8.271 aldrei gifst, 1.072 voru ekkjur eða ekklar, fráskildir voru 4.881 og 1.569 voru ennþá formlega giftir en ekki samvistum við maka. Mestan munur á körlum og konum má sjá í hópi einstæðra foreldra en samkvæmt töflu 10 voru einstæðar mæður 13.789,

þar af var 4.031 þeirra fráskilin að lögum (29,2%). Einstæðir karlar voru 2.163 en af þeim voru 850 fráskildir, 39,3%, sem er hærri hlutfall en hjá konum.

### Mynd 3. Einstæðir foreldrar eftir hjúskapstöðu og kyni 31. desember 2011

Figure 3. Lone parents by marital status and sex 31 December 2011




### Heimili

Manntalið flokkar einstaklinga eftir því hvort þeir búa á einkaheimilum eða utan þeirra; í síðara tilvikinu aðallega á stofnanaheimilum. Einstaklingar sem búa á einkaheimilum eru bæði einstaklingar í fjölskyldukjarna og einstaklingar sem eru utan fjölskyldukjarna. Sjá nánari skilgreiningar um stöðu á heimili í skýringum aftar í þessu riti.

Alls bjuggu 307.398 einstaklingar á 118.617 einkaheimilum í landinu eða um 97,4% íbúanna. Af þeim tilheyrðu 253.068 einstaklingar fjölskyldukjarna (80,2%), ýmist í hjónabandi, í sambúð eða heimilum einstæðra foreldra en 54.330 einstaklingar bjuggu á einkaheimili utan fjölskyldukjarna (17,2%). Utan einkaheimila töldust 8.158 einstaklingar (2,6%) og af þeim bjuggu 7.397 á stofnanaheimilum (2,3% af landsmönnum). Aðrir utan einkaheimila voru 111 á útigangi og 650 í húsnæðishraki. (Tölur 7 og 8.)

#### Mynd 4. Heimilisstaða einstaklinga eftir kyni 31. desember 2011

Figure 4. Household status of persons 31 December 2011



Hugtakið einkaheimili er skilgreint á grundvelli íbúðarinnar en ekki á grundvelli sameiginlegs heimilishalds. Í því felst að allir einstaklingar sem búa í íbúð séu heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í.


Einkaheimili skiptast í grófum dráttum í heimili með einum eða fleirum fjölskyldukjörnum og heimili þar sem enginn heimilismanna (einn eða fleiri) teljast til fjölskyldukjarna.

#### Meðalstærð einkaheimila

Meðalstærð einkaheimila var 2,59 manns í heimili. Fjölskyldulaus heimili, þ.e. heimili einstaklinga án fjölskyldukjarna voru 41.015 eða 34,6% einkaheimila í landinu. Heimili með einum fjölskyldukjarna voru 69.459 talsins eða 58,6% einkaheimila og meðalstærð þeirra var 3,17. Önnur fjölskylduheimili voru 8.143 eða 6,9% einkaheimila. Meðalfjöldi einstaklinga á þessum samsettu heimilum var 4,98 manns. (Tafla 8.)

#### Mynd 5. Meðalstærð einkaheimila eftir helstu tegundum 31. desember 2011

Figure 5. Average size of private households by main types 31 December 2011



**Tafla 3. Einkaheimili eftir gerð heimilis 31. desember 2011**

Table 3. Private households by type of household 31 December 2011

	Einkaheimili Private households
<b>Alls Total</b>	<b>118.617</b>
Einstaklingsheimili <i>One-person households</i>	36.942
Heimili með tveimur eða fleiri einstaklingum <i>Multiperson households</i>	4.073
Einnar fjölskyldu heimili <i>One-family households</i>	69.459
Heimili með tveimur eða fleiri fjölskyldum <i>Two-or-more-family households</i>	8.143

Einkaheimili hjóna voru 45.549 en það jafngilti 38,4% af einkaheimilum í landinu og 48% af öllum einstaklingum á einkaheimilum. Í sambúð voru 11.803 pör eða 10,0% heimila og 13,6% einstaklinga á einkaheimilum.

Einstæðir foreldrar voru 12.107 (10,2% allra einkaheimila), þar af 10.494 einstæðar mæður (8,8%) og 1.613 einstæðir feður (1,4%). Ef fjöldi einstaklinga er talinn þjuggu 10,0% þeirra á heimilum einstæðra foreldra, 8,8% á heimilum einstæðra mæðra og 1,2% á heimilum einstæðra fedra. (Tafla 8.)

**Menntunarstaða**

Menntunarstaða vísar til hæsta stigs menntunar sem einstaklingur lýkur innan menntakerfis þess lands þar sem hennar var aflað. Einstaklingar 15 ára og eldri eru aðeins settir í einn flokk menntunarstigs sem að öllu jöfnu er hæsta stig sem lokið er. Við flokkun menntunar er farið eftir íslensku náms- og menntunarflokkuninni ÍSMENNT sem er byggð á alþjóðlega staðlinum ISCED (International Standard Classification of Education). Til að varpa ljósi á hæstu menntun allra Íslendinga var safnað upplýsingum um brautskráða nemendur frá skólum á Íslandi, um starfsréttindi og um menntun þeirra sem flytja til landsins, að því marki sem upplýsingar lágu fyrir. Ef upplýsingar um hæstu menntun lágu ekki fyrir, var menntunin áætluð.

**Tafla 4. Mannfjöldi eftir menntun og kyni 31. desember 2011**

Table 4. Population by education attainment and sex 31 December 2011


	Alls Total	Karlur Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>315.556</b>	<b>158.147</b>	<b>157.409</b>
Engin formleg menntun <i>No formal education</i>	56	19	37
Barna- og unglingamenntun <i>Primary education</i>	4.474	2.315	2.159
Grunnmenntun <i>Lower secondary education</i>	98.302	45.583	52.719
Framhaldsskólamenntun <i>Upper secondary education</i>	76.340	43.723	32.617
Viðbótarstig <i>Post secondary non-tertiary education</i>	9.747	6.494	3.253
Háskólamenntun <i>First stage of tertiary education</i>	59.191	25.244	33.947
Doktorsmenntun <i>Second stage of tertiary education</i>	1.731	1.180	551
Á ekki við (undir 15 ára) <i>Not applicable (persons under 15 years of age)</i>	65.715	33.589	32.126

Menntun þjóðarinnar er hér tekin til skoðunar út frá nokkrum meginþáttum manntalsins. Hér verður eingöngu fjallað um þá 249.841 einstaklinga sem höfðu náð 15 ára aldri í árslok.

Karlar og konur sem höfðu lokið menntun á háskólastigi voru 60.922 eða 24,4% þeirra sem voru 15 ára og eldri. (Tafla 12.) Þeir sem höfðu lokið menntun á framhaldsskólastigi sem hæstu menntagráðu voru 86.087 eða 34,5% þeirra sem voru 15 ára og eldri. Þeir sem höfðu grunnenntun eða minna voru 102.832 eða 41,2% þeirra sem voru 15 ára og eldri. Munurinn milli kynjanna reyndist vera mestur hvað framhaldsskólamenntun varðaði en á hinn bóginn voru hlutfallslega flestar konur í þeim hópum sem höfðu ýmist minnstu menntun eða hæstu menntun. Hér skiptir í tvö horn og munar mestu um gagngerar breytingar á stöðu kvenna í menntakerfinu undanfarna fjóra áratugi en á því tímabili hafa konur sótt sér menntun á háskólastigi í vaxandi mæli umfram karla. Þessar breytingar sjást vel við athugun á menntunarstöðu karla og kvenna eftir aldri. Meðal annars má vekja athygli á að konur eru fleiri en karlar meðal háskólamenntaðra í öllum aldurshópum til og með 55–59 ára en í elstu aldurshópnum eru karlar fleiri.

#### Mynd 6. Hæsta menntunarstig karla og kvenna 15 ára og eldri 2011

Figure 6. Highest educational attainment of 15 years and older 31 December 2011




Meðfylgjandi þrjú myndrit bera saman stöðu menntunar landsmanna 15 ára og eldri eftir því hve hátt hlutfall í aldurshópi hefur sótt sér tiltekna menntun. Hér ber að hafa í huga að breytileikinn er mikill eftir aldri og kyni og sýnir í hnotskurn miklar breytingar milli kynslóða og um leið samfélagsbreytingar sem gætir mestan hluta 20. aldarinnar og í upphafi 21. aldar.




**Mynd 7. Grunnmenntun sem hæsta stig menntunar 2011. Hlutfall af aldurshópi**

Figure 7. ISCED Level 1 and 2 as highest educational attainment 2011. Per cent of age group




**Mynd 8. Framhaldsskólamenntun sem hæsta stig menntunar 2011. Hlutfall af aldurshópi**

Figure 8. ISCED Level 3 and 4 as highest educational attainment 2011. Per cent of age group.



**Mynd 9. Háskólamenntun sem hæsta stig menntunar 2011. Hlutfall af aldurshópi, %**

Figure 9. ISCED Level 5 and 6 as highest educational attainment 2011. Per cent of age group



## Vinumarkaður

### Staða á vinnumarkaði

Samkvæmt manntalinu 2011 voru 177.138 manns á vinnumarkaði, 92.085 karlar og 85.053 konur. Ef skoðuð er staða á vinnumarkaði voru 166.184 starfandi (93,8%) og 10.954 án vinnu og í atvinnuleit (6,2%) en báðir hópar teljast til fólks á vinnumarkaði. Hér á eftir verða helstu grunnþættir vinnumarkaðarins skoðaðir ýmist í heild út frá öllum einstaklingum á vinnumarkaði eða með sérstakri athugun á þeim sem voru starfandi eða atvinnulausir. Rétt er að taka fram að miðað er við 16 ára og eldri í umfjöllun um vinnumarkaðinn. (Töflur 5 og 14.)

**Tafla 5. Mannfjöldi eftir stöðu á vinnumarkaði og kyni 31. desember 2011**

Table 5. Population by current activity status and sex 31 December 2011

	Alls Total	Karlur Males	Konur Females
<b>Alls Total</b>	<b>315.556</b>	<b>158.147</b>	<b>157.409</b>
<b>Virkir á vinnumarkaði</b> <i>Currently economically active</i>	<b>177.138</b>	<b>92.085</b>	<b>85.053</b>
Starfandi <i>Employed</i>	166.184	85.961	80.223
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	10.954	6.124	4.830
<b>Utan vinnumarkaðar</b> <i>Currently not economically active</i>	<b>138.418</b>	<b>66.062</b>	<b>72.356</b>
Undir 16 ára <i>Persons below 16 years of age</i>	70.186	35.891	34.295
Lífeyris- og fjármagnstekjuþegar <i>Pension or capital income recipients</i>	47.585	20.284	27.301
Námsmenn <i>Students</i>	17.745	9.203	8.542
Heimavinnandi og aðrir <i>Homemakers and others</i>	2.902	684	2.218

### Atvinnustétt

Manntalið flokkar starfandi einstaklinga á vinnumarkaði í atvinnustéttir, þ.e. eftir því hvort þeir teljist launþegar, atvinnurekendur eða einyrkjar en það eru þrjár mest

afgerandi hóparnir í þessari flokkun. Samkvæmt manntalinu voru 166.184 starfandi, þar af voru launþegar 154.127 eða 92,7% af vinnuaflinu, atvinnurekendur voru 1.599 eða 1,0% og einyrkjar voru 10.028 eða 6,0%. Aðrir hópar samkvæmt þessari flokkun í atvinnustéttir voru afar fámennir. (Tafla 15.)


Athygli vekur hve hátt hlutfall launþega er í manntalinu og á samsvarandi hátt er fjöldi atvinnurekenda með minnsta móti, einkum ef miðað er við reynslu eldri manntala. Mikið veltur á skilgreiningum í þessu sambandi og skiptir hér miklu máli að hugtakið atvinnurekandi er skilgreint þröngt. Er þá einkum átt við þá sem hafa aðra á launaskrá og um leið útilokar þá sem geta talist launþegar í einhverjum skilningi. Launaformið er hér ákvarðandi þáttur við afmörkun hópa eftir atvinnustétt. Konur eru hlutfallslega fleiri í hópi launþega en karlar en aftur á móti er hlutfall karla hærra í hópi atvinnurekenda og einyrkja.

### Atvinnugreinar

Skipting landsmanna eftir atvinnugreinum tekur mið af fjölda starfandi á vinnu- markaði. Skoðuð er fyrst afar einföld skipting starfandi fólks eftir þremur atvinnugeirum, landbúnaði og fiskveiðum, iðngreinum og þjónustugreinum. Þá kemur greinilega fram yfirburðastaða þjónustugreina í samanburði við annars vegar landbúnað og fiskveiðar og hins vegar iðngreinar.

#### Mynd 10. Starfandi eftir atvinnugeirum 2011. Hlutfallsleg þátttaka karla og kvenna

Figure 10. Employed persons by main economic activity 2011. Per cent division



Atvinnugreinaskiptingin byggir á ÍSAT 2008 atvinnugreinaflokkun og er í manntalinu byggt á skiptingu atvinnustarfseminnar í 21 atvinnugrein. Fjölmennasta atvinnugreinin var heild- og smásöluverslun með 22.146 manns (13,3%) en næstfjölmennasta atvinnugreinin var framleiðsla með 21.166 manns (12,7%). Aðrar fjölmennar atvinnugreinar voru fræðslustarfsemi með 19.923 manns (12,0%) og heilbrigðis- og félagsþjónusta með 18.567 manns (11,2%). Í öðrum atvinnugreinum voru miklu færri starfsmenn. (Tafla 16.)


#### Kynjaskipting

Ef skoðuð er kynjaskipting starfandi eftir atvinnugreinum kemur í ljós mikið misvægi í sumum greinum. Karlar voru hlutfallslega flestir í byggingarstarfsemi, land-

búnaði og fiskveiðum. Almennt séð voru karlar mun fleiri en konur í landbúnaði og fiskveiðum og í iðngreinunum. Konur voru hins vegar mun fjölmennari en karlar í störfum við heilbrigðis- og félagsþjónustu, fræðslustarfsemi auk fjármála- og tryggingastarfsemi.

### Mynd 11. Hlutföll starfandi karla og kvenna eftir atvinnugreinum 31. desember 2011

Figure 11. Male and female employment ratio by economic activity 31 December 2011




Notes: (A): Agriculture, forestry and fishing; (B): Mining and quarrying; (C): Manufacturing; (D): Electricity, gas, steam and air conditioning supply; (E): Water supply; sewerage, waste management and remediation activities; (F): Construction; (G): Wholesale and retail trade; repair of motor vehicles and motorcycles; (H): Transportation and storage; (I): Accommodation and food service activities; (J): Information and communication; (K): Financial and insurance activities; (L): Real estate activities; (M): Professional, scientific and technical activities; (N): Administrative and support service activities; (O): Public administration and defence; compulsory social security; (P): Education; (Q): Human health and social work activities; (R): Arts, entertainment and recreation; (S): Other service activities.

### Starfsstétt

Starfsstétt lýsir því hvers konar starf einstaklingur hefur með höndum innan þeirrar atvinnugreinar sem hann starfar. Störf eru flokkuð í samræmi við alþjóðlegu starfaklassifíkunina ISCO-08, International Standard Classification of Occupations.

## Mynd 12. Starfsstétt starfandi fólks á vinnumarkaði 31. desember 2011, hlutfallsleg skipting

Figure 12. Occupation of employed 31 December 2011, per cent




Notes: (1): Managers; (2): Professionals; (3): Technicians and associate professionals; (4): Clerical support workers; (5): Service and sales workers; (6): Skilled agricultural, forestry, and fishery workers; (7): Craft and related trades workers; (8): Plant and machine operators, and assemblers; (9): Elementary occupations.

Ef litið er eingöngu til starfandi fólks á vinnumarkaði, sem voru 166.184, unnu flestir við sérfræðistörf eða 41.512 (25,0% af starfandi). Konur í þessum hópi voru 25.149 en næstum þriðjungur starfandi kvenna (31,3%) vann sérfræðistörf samanborið við 19% karla. Næstfjölmennasta starfsstéttin var fólk í þjónustu-, umönnunar- og sölustörfum eða 38.323 (23,1%). Konur voru í miklum meirihluta í þessum störfum og var hlutfallið af öllum starfandi konum 29,7% samanborið við 16,9% karla. Samanlagt flokkuðust 61% starfandi kvenna í þessar tvær starfsstéttir auk þess sem kynjahlutfall kvenna var hærra, 61,3% samanborið við 38,7% karla. (Tafla 17.)

Við nánari athugun á störfum kvenna eftir aldri kemur í ljós að háskólamenntaðar konur í sérfræðistörfum á aldursbilinu 30–55 ára voru einkar fjölmennar á vinnumarkaði, 13.500 talsins, sem jafngildir 16,8% allra starfandi kvenna. Hér ber einna mest á samþjöppun kvenna í störf á sviði mennta- og heilbrigðismála. Annað áberandi einkenni á atvinnuþátttöku kvenna var að konur með grunnenntun og störfuðu við þjónustu-, umönnunar- og sölustörf þjöppuðust á tvö aldursbil; 15–24 ára og 55–65 ára. Annað áberandi einkenni í niðurstöðum um starfsstéttir er kynskipting vinnumarkaðarinnar. Einungis í hópi tækna og sérmenntaðs starfsfólks ríkir jafnvægi með kynjunum.

**Mynd 13. Hlutföll starfandi karla og kvenna eftir starfsstétt 2011. Hlutfallsleg skipting karla og kvenna**

Figure 13. Employed by occupation 2011, male and female ratio




Note: Cf. figure 12 (notes).

**Staða á vinnumarkaði eftir menntunarstigi**

Af þeim 166.184 sem voru starfandi árið 2011 töldust 55.266 (33,3%) vera með grunnmenntun sem hæsta menntunarstig, 60.585 eða 36,5% voru með menntun á framhaldsskólastigi eða viðbótarstigi sem hæsta menntunarstig og með háskólamenntun voru 50.333 eða 30,3%. (Tafla 18.)

**Mynd 14. Hæsta menntunarstig starfandi fólks eftir atvinnugeirum 31. desember 2011**

Figure 14. Highest educational attainment of employed by sector 31 December 2011




Sterkt samband er milli atvinnuþátttöku og menntunarstigs. Atvinnuþátttaka einstaklinga 16 ára og eldri með háskólapróf var 86,3% en 60,9% hjá þeim sem höfðu grunnskólamenntun eða minna. Rétt er að benda á að í hópi þeirra sem hafa grunnskólamenntun eða minna er meðal annars fólk sem komið er á efri ár sem hefur að öðru jöfnu lægri atvinnuþátttöku.

Þegar horft er til atvinnuleysis er einnig sterkt samband við menntunarstig. Atvinnuleysi fólks með grunnmenntun eða minna var 7,7% miðað við 6,2% fyrir heildina, en háskólamenntað fólk var mun síður atvinnulaust. Atvinnuleysi meðal þess var 4,2%. Fólk með framhaldsskólamenntun var hins vegar nálægt meðaltalinu hvað atvinnuleysi varðar (6,4%).

### Mynd 15. Hæsta menntunarstig starfandi fólks eftir atvinnugreinum 31. desember 2011

Figure 15. Highest educational attainment of employed by economic activity 31 December 2011




Notes: Cf. figure 11 (notes).

Sé menntun eftir helstu flokkum menntunarstigs borin saman við þá atvinnugeira sem fólkið starfaði við sést glögglega að það er mikill munur á menntun eftir atvinnugeirum. Áður kom fram að konur vinna frekar en karlar við störf í þjónustugreinum. Þetta gildir líka um háskólamenntað fólk, þar sem 94,1% kvenna með háskólamenntun unnu við þjónustugreinar, samanborið við 82,6% karla. Af þessu má einnig draga þá ályktun að störf fyrir háskólamenntað fólk voru fyrst og fremst í þjónustugreinum, en síður í iðngreinum eða við landbúnað og fiskveiðar. (Tafla 18.)

### Mynd 16. Hæsta menntunarstig starfandi fólks eftir starfsstétt 31. desember 2011

Figure 16. Highest educational attainment of employed by occupation 31 December 2011



Note: Cf. figure 12 (notes).

### Staða á vinnumarkaði eftir ríkisfangi

Í manntalinu gefst kostur á að skoða vinnumarkaðinn eftir fæðingarlandi og ríkisfangi þeirra sem eru virkir á honum. Hér verður umfjöllunin einskorðuð við starfandi og atvinnulausa eftir ríkisfangi, en væri horft til fæðingarlands fengist nær sama niðurstaða. (Tölur 21 og 22.)


Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar nær til fólks á aldrinum 16–74 ára en í manntalinu eru engin efrimörk á aldri þegar staða á vinnumarkaði er skoðuð en neðri mörk eru hin sömu. Þetta skýrir af hverju atvinnuþátttaka, eða hlutfall þeirra sem eru virkir á vinnumarkaði er lægri samkvæmt manntalinu en í niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknarinnar.

Atvinnuþátttaka allra sem voru 16 ára og eldri var 72,2% en 71,1% hjá íslenskum ríkisborgurum. Líkt og með menntunarstigið hefur aldurskipting áhrif á niðurstöðurnar, þar sem íslenskir ríkisborgarar eru líklegri en aðrir til að vera utan vinnumarkaðar vegna aldurs. Þennan fyrirvara verður að hafa í huga þegar fólk með íslenskt ríkisfang er borið saman við annað. Atvinnuþátttakan er hins vegar hæst hjá ríkisborgurum frá ESB eða fólki með asískan ríkisborgararétt. Af hinum fyrri voru 89,7% virkir á vinnumarkaði en 85,9% ef ríkisfangið var frá Asíu. Atvinnuþátttakan var mun lægri hjá þeim sem voru með annað ríkisfang, hæst hjá afrískum ríkisborgurum (77,5%) en lægst hjá norður-amerískum ríkisborgurum (66,7%).



### Mynd 17. Atvinnuþátttaka eftir ríkisfangi 31. desember 2011

Figure 17. Employment rate by country of citizenship 31 December 2011



Hvað atvinnuleysið varðar má bera saman íslenska ríkisborgara og ríkisborgara annarra landa. Atvinnuleysið var lægst meðal Íslendinga (5,6%) en asískir ríkisborgarar voru þar næst með 6,4% atvinnuleysi. Hæst var atvinnuleysið meðal ríkisborgara frá Suður- og Mið-Ameríku, 15,8%, en þar er um að ræða tiltölulega fáa einstaklinga. Næst hæst var það hins vegar hjá stærsta ríkisfangshópnum utan Íslands, þ.e. meðal fólks frá ESB-löndum, 14,2%. Þá var atvinnuleysi einnig yfir 10% hjá fólki frá Afríku og öðrum og ótilgreindum löndum.

### Húsnæðismál

Manntalið 2011 greinir frá ýmsum nýjum upplýsingum um húsnæðismál. Þessi kafli fjallar um niðurstöður sem varða samfélagslegar hliðar húsnæðismála á borð við umráðarétt og eignarhald á íbúðarhúsnæði. Í öðrum kafla er íbúðarhúsnæðinu lýst með tölulegum upplýsingum um stærð, byggingartíma, byggingartegund og helstu þægindi sem fylgja íbúðunum.

#### Umráðaréttur heimila


Ef einkaheimili eru skoðuð með hliðsjón af umráðarétti heimilis er fyrst og fremst vísað til þess með hvaða hætti einkaheimili hefur afnot af heilli íbúð eða hluta hennar. Mikilvægasta skiptingin felst í flokkun heimila þar sem forráðamenn eiga íbúðina og þau heimili þar sem íbúðin er tekin á leigu. (Tafla 9.)

Manntalið leiðir í ljós að af 118.617 einkaheimilum voru 85.045 þeirra í ábúð eigenda en það jafngildi 71,7%. Heimili með íbúð á leigu voru 15.335 eða 12,9% allra heimila. Heimili með annars konar umráðarétt yfir húsnæðinu voru 1.721 eða 1,5% heimila. Að auki er að finna 16.516 heimili eða 13,9% allra einkaheimila þar sem umráðaréttur var ótilgreindur. Þriðjungurinn af slíku húsnæði tilheyrði íbúum á einstaklingsheimilum og virðist sem mestar líkur séu á því að um leigu sé að ræða frekar en annan umráðarétt. Samanlagður fjöldi heimila í leiguíbúð eða líklegri leiguíbúð var 31.851 eða 26,9%. Mjög er ólíkt hvort íbúar á einkaheimili eigi viðkomandi íbúð eða leigi hana og fer það eftir heimilisgerð. Hæsta hlutfall heimila í eignaríbúð er hjá hjónum með barn 25 ára og eldra (94,3%) og sambúðarfólki með barn 25 ára og eldra (93,9%). Er það um leið vísbending um að eignarhald húsnæðis fari meira eftir aldri hjóna og sambúðarfólks en hjúskaparstétt.

Hæsta hlutfall heimila í leiguhúsnæði var meðal einstæðra mæðra með a.m.k. eitt barn undir 25 ára aldri (46,5%).

**Mynd 18. Fjöldi einkaheimila eftir umráðarétti heimila 31. desember 2011**

Figure 18. Type of private households by tenure status of households 31 December 2011



*Húsnæðisfyrirkomulag*

Húsnæðisfyrirkomulag vísar til þess hvort einstaklingur búi í hefðbundnu íbúðarhúsnæði, sambýlishúsnæði, við annars konar húsnæðisfyrirkomulag eða heimilisleysi á þeim tíma þegar manntalið var tekið. Það nær því yfir búsetu allra einstaklinga í ólíkum gerðum híbýla, sem og þá sem dvelja tímabundið í einhvers konar aðsetri og þá sem eru án þaks yfir höfuðið og sofa á götunni eða í neyðarskýlum.

Íbúar sem bjuggu í hefðbundnu íbúðarhúsnæði voru 305.916 eða 96,9% íbúafjöldans samkvæmt manntali. Íbúar í sambýlishúsnæði voru 6.352 eða 2,0% íbúanna. Flestir af þeim bjuggu á stofnanaheimilum, t.d. dvalarheimilum, en einnig töldust til þessa hóps einstaklingar með fasta búsetu á gistiheimilum ýmis konar. Þeir íbúanna sem áttu fasta búsetu í óhefðbundnu húsnæði, t.d. í iðnaðarhúsnæði eða bílskúrum, og heimilislausir töldust vera 3.036 einstaklingar eða 1,0% mannfjöldans. (Tafla 23.)

Húsnæðisfyrirkomulag er svipað milli kynja nema hvað varðar íbúa 65 ára og eldri. Hlutfall þeirra sem búa í sambýlishúsnæði eykst almennt með hækkandi aldri en þó mun hraðar hjá konum en körlum. Fyrst ber þess að geta að þrátt fyrir fjölgun eldri borgara 65 ára og eldri í sambýlishúsnæði bjó 87,9% í hefðbundnu húsnæði samborið við 11,6% í sambýlishúsnæði. Alls bjuggu 4.668 einstaklingar 65 ára og eldri í sambýlishúsnæði, karlar 1.615 (34,6%) og konur 3.053 (65,4%). Hlutfall kvenna 85 ára og eldri sem bjó í sambýlishúsnæði var 46,7% á móti 35,3% hjá körlum. (Tafla 23.)

*Eignarhaldsform*

Í manntalinu var íbúðarhúsnæði flokkað eftir eignarhaldi á húsnæðinu. Þegar eigandi íbúðar bjó í viðkomandi íbúð er talað um eignaríbúð en það er hið viðtekna búsetuform sem hefur einkennt íslenskan húsnæðismarkað á 20. og 21. öld. Til að bæta úr áþreifanlegum skorti á upplýsingum um leigjendur á húsnæðismarkaði aflaði Hagstofnan upplýsinga um leiguíbúðir með hjálp ýmissa opinberra stofnana auk sérstakrar könnunar meðal eigenda sem áttu þrjár íbúðir eða fleiri. Þrátt fyrir góða viðleitni til að ná upplýsingum um leiguíbúðir tókst ekki að fá fullnægjandi upplýsingar um eignarhaldsform fjölda íbúða. Má þó færa rök fyrir því að undir

liðinn ótilgreint falli að stórum hluta leiguíbúðir sem ekki tókst að fá staðfest að svo væri með nægilegri vissu.


Af 117.939 hefðbundnum íbúðum í manntalinu hóstu 84.139 eigendur sína, sem samsvarar 71,3% íbúða. Leiguíbúðir voru 16.639 (14,1%), íbúðir með samvinnu-fyrirkomulagi voru 1.406 (1,2%), íbúðir með annars konar eignarhald töldust vera 745 (0,6%) en eignarhaldsform 15.010 íbúða (12,7%) var ótilgreint.

Ef lagðar eru saman tölur um leiguíbúðir og ótilgreindar íbúðir og ályktað að það sé hæsti mögulegi fjöldi leiguíbúða verður niðurstaðan 31.649 íbúðir (26,8% íbúða), þar af rúmlega helmingur með einum íbúa í íbúð (51,7%). Af öðrum mark-verðum niðurstöðum má nefna að eignaríbúðir með 3–5 íbúa voru tæplega þriðjungur (32,4%) af hefðbundnu íbúðarhúsnæði í notkun. Tæpur helmingur allra einstaklinga í hefðbundnu íbúðarhúsnæði (48,0%) býr í eignaríbúðum með 3–5 íbúum. (Tafla 24.)

Almennt eru eignaríbúðir með fleiri heimilismenn en leiguíbúðir að meðtöldum íbúðum með ótilgreindu eignarhaldsformi. Af efninu má ráða að hlutfallslega margir leigjendur íbúðarhúsnæðis hefji heimilishald sem leigjendur en flestir eignist eigið húsnæði síðar á lífsleiðinni.

### Mynd 19. Eignaríbúðir og leiguíbúðir eftir gerð einkaheimilis 31. desember 2011

Figure 19. Owner-occupied and rental dwellings by type of private household 31 December 2011



### Íbúðarhúsnæði

Manntöl greina venjulega frá íbúðarhúsnæði landsmanna. Hér er einkum lýst eiginleikum og helstu þægindum sem fylgja íbúðunum óháð eignarhaldi eða því hverjir búa í húsnæðinu. Meðal þess sem aflað var upplýsinga um var hvort vatnsveitulögn í íbúð væri til staðar, vatnssalerni, baðaðstaða og hvort miðstöðvarhitun væri tiltæk. Niðurstöður manntalsins má draga saman í þá staðreynd að á Íslandi skila opinberar upplýsingar þeirri niðurstöðu að nauðsynlegustu þægindi skorti ekki í 99% íbúða landsmanna. Þær vísendingar sem gefa til kynna að áðurgreind þægindi

skorti í tæplega 1% íbúða má að öllum líkindum rekja til skorts á haldbærum upplýsingum hjá hinu opinbera frekar en að íbúðirnar skorti í raun þessi þægindi.

Önnur atriði sem lýsa eiginleikum íbúða í manntalinu 2011 snerta *nýtanlegt gólfpláss* íbúða og hve marga fermetra hver íbúi hefur að meðaltali til umráða, *þéttseta*. Með hugtakinu *nýtanlegt gólfpláss* er átt við þann gólfplöt sem mælist innan útveggja að undanskildum óíbúðarhæfum kjöllum og háaloftum og öllum almenningsrymum í fjölbýlishúsum. Aftar í þessu hefti er að finna nánari lýsingu á því hvernig upplýsingar úr fasteignamati eru hagnýttar til að finna út *nýtanlegt gólfpláss* íbúða.


Hugtakið *þéttseta* er nátengt *nýtanlegu gólfpláss* með þeim hætti að *þéttseta* setur *nýtanlegt gólfpláss* í fermetrum í samhengi við fjölda íbúa. *Þéttseta* er því reiknuð stærð út frá íbúatölu og fermetratölu sömu íbúðar.

#### *Nýtanlegt gólfpláss*

Tafla 26 nær til hefðbundins íbúðarhúsnæðis í notkun en heildarfjöldi í þeim flokki var 117.939 íbúðir. Miðað við þá skiptingu sem taflan sýnir voru 56.302 íbúðir með *nýtanlegt gólfpláss* að lágmarki 100 m<sup>2</sup> eða 47,7% af heildarfjölda. Íbúðir á bilinu 50–100 m<sup>2</sup> voru 53.640 eða 45,5% íbúðarfjöldans en íbúðir með minna en 50 m<sup>2</sup> af *nýtanlegu gólfpláss* voru 7.997 sem samsvarar 6,8% af íbúðarfjölda.

#### **Mynd 20. Nýtanlegt gólfpláss í íbúðum 31. desember 2011**


Figure 20. *Useful floor space in dwellings 31 December 2011*



#### *Þéttseta*

Niðurstöðurnar í töflu 26 sýna enn fremur að 73.944 íbúðir höfðu 20–60 m<sup>2</sup> af *nýtanlegu gólfpláss* til afnota fyrir hvern íbúa eða nálægt tveir þriðju allra íbúða (62,7%). Algengast var að hver íbúi hefði 40–60 fermetra af *nýtanlegu gólfpláss* til afnota að jafnaði en þannig var staðan varðandi 26,1% hefðbundinna íbúða. Íbúðir með minna en 20 fermetra á íbúa voru 7.657 sem samsvarar 6,5% íbúðarfjöldans. Þar sem *gólfpláss* á íbúa var meira en 60 fermetrar voru íbúðirnar 36.338 sem samsvarar 30,8% allra íbúða.

**Mynd 21. Þéttseta. Íbúðir eftir fermetrafjölda á hvern íbúa 31. desember 2011**  
 Figure 21. Density of useful floor space 31 December 2011. Square meters per occupant



#### Byggingargerð


Fjöldi íbúða eftir byggingargerð felst aðallega í því að aðgreina íbúðir í fjölbýlishúsum með þrjár íbúðir eða fleiri frá íbúðum í einbýlishúsum og tvíbýlishúsum. Að auki er greint á milli þessara byggingargerða eftir því hvort húsnæðið telst vera í notkun eða ekki. Ennfremur er tiltekið byggingartímabil íbúðar. Til einföldunar er gerð grein fyrir þremur tímabilum í myndum 22 og 23 til að greina mögulega þróun í byggingargerð.

Af hefðbundnum íbúðum sem töldust vera í notkun (117.939) voru 71.466 íbúðir í byggingum með þrjár eða fleiri íbúðir en það jafngildir 60,6% af heild. Ef skoðaðar eru eingöngu íbúðir byggðar 2001 og síðar hækkar hlutfall þessara íbúða í 72,4%. (Tafla 25.)

Íbúðir í notkun í einbýlishúsum voru 32.335 eða 27,4% af heild. Íbúðir í notkun í tvíbýlishúsum voru 14.104 eða 12,0%. Samtals voru íbúðir í einbýlis- og tvíbýlishúsum 46.439 sem jafngilti 39,4% af öllum íbúðum. Íbúðir í þessum flokki sem byggðar voru 1991 og síðar voru 29,2% af heild en til samanburðar var þetta hlutfall 51,3% af íbúðum byggðum fyrir 1961. Hlutfall íbúa í ein- og tvíbýlishúsum er því mun lægra í íbúðum byggðum 2001 og síðar en þegar allt húsnæði á landinu er talið saman.

**Mynd 22. Hefðbundnar íbúðir í notkun eftir byggingargerð og byggingartíma 31. desember 2011**

Figure 22. Conventional dwellings in use by type of building and period of construction 31 December 2011




*Auðar íbúðir*

Samkvæmt manntalinu voru íbúðir í hefðbundnu húsnæði sem ekki eru í notkun alls 8.273. Af þessum fjölda töldust 3.494 til einbýlis- og tvíbýlisíbúða eða 42,2%, 3.474 íbúðir (42,0%) voru í fjölbýlishúsum með þrjár íbúðir eða fleiri. Að auki teljast hér 1.305 (15,8%) íbúðir í byggingum sem ekki voru ætlaðar til íbúðar. Þann fyrirvara verður þó að hafa að margt af auðu, hefðbundnu íbúðarhúsnæði á landsbyggðinni er nýtt sem sumardvalarstaður eða annar íverustaður þeirra sem það eiga.

**Mynd 23. Hefðbundnar íbúðir ekki í notkun eftir byggingargerð og byggingartíma 31. desember 2011**

Figure 23. Conventional dwellings not in use by type of building and period of construction 31 December 2011



## Umfang manntalsins 2011

Manntalið 2011 er í meginatriðum framkvæmt á grundvelli reglugerða ESB um verkefni í opinberri hagskýrslugerð sem gilda hér á landi vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Reglugerðirnar varðandi manntalið 2011 gilda því bæði fyrir aðildarríki ESB og EFTA-ríkjanna þriggja sem saman mynda EES-samstarfið; Ísland, Noregur og Liechtenstein. Eitt meginmarkmiðið með setningu reglugerða um manntalið var að tryggja sambærileika niðurstaðna milli allra EES-ríkjanna með því að ákvarða þá efnisþætti sem safna skyldi. Í eftirfarandi yfirliti er búið að flokka efnisþættina í fimm flokka til betri yfirsýnar um meginþætti manntalsins sem skuldbindandi voru:

### Landfræðilegir þættir

1. Búseta, 2. Staðsetning vinnustaðar, 3. Byggðarstig.

Hagstofan hefur tekið til sérstakrar skoðunar hvaða umdæmaskipting kemur að bestu gagni til að lýsa búsetu einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi. Hér er markmiðið að upplýsa um raunverulegt búsetumynstur þjóðarinnar auk þess sem staðsetning vinnustaðar er mikilvægt markmið en minni áhersla lögð á lögformlega staðsetningu fyrirtækis eða höfuðstöðva þess. Venjubundnar tölur þjóðskrár ná til búsetu fólks samkvæmt tilkynningum um lögheimili þess. Samkvæmt athugunum Hagstofunnar auk annarra rannsókna býr hluti íbúanna að staðaldri annars staðar en á skráðu lögheimili og er meginregla við töku manntals sú að skrá skal vanalega búsetu fólks, þar sem það býr að staðaldri. Staðsetning fyrirtækis samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra er ekki fullnægjandi fyrir þarfir manntals nema upplýsingar um rekstrareiningar fylgi með til að staðsetja með nákvæmari hætti hvar fólk starfar.

### Fjölskyldur og heimili

1. Kyn, 2. Aldur, 3. Hjúskaparstétt, 4. Staða á heimili, 5. Staða í fjölskyldu, 6. Gerð fjölskyldukjarna, 7. Stærð fjölskyldukjarna, 8. Gerð einkaheimilis, 9. Stærð einkaheimilis.

Fram til 2011 a.m.k. hefur aðeins verið hægt að birta tölur um kjarnafjölskyldur með börn yngri en 18 ára. Í manntalinu 2011 er ráðin bót á þessu með sérvinnslu upplýsinga. Upplýsingar um fjölda heimila og gerð þeirra fyrir landið í heild hafa ekki legið fyrir síðan 1960, en þær eru mikilvægur grunnur ýmissa upplýsinga t.a.m. um húsnæðisþörf og skuldastöðu heimila. Manntalið 2011 veitir einnig upplýsingar um fjölda einstaklinga sem ekki búa á einkaheimilum og tilheyra þess í stað ýmsum tegundum stofnanaheimila. Sérstakt átak var gert í tilefni manntalsins til að afla upplýsinga um stofnanaheimili hér á landi en um leið var óhjákvæmilegt að til yrði afmarkaður hópur fólks sem hvorki tilheyrði einkaheimilum né stofnanaheimilum en það telst vera heimilislaust.

### Vinumarkaður

1. Staða á vinnumarkaði, 2. Starfsstétt, 3. Atvinnugrein, 4. Atvinnustétt, 5. Menntunarstig.

Þessum upplýsingum um vinnumarkað hefur hingað til einungis verið safnað með úrtaksrannsóknnum fyrir ákveðinn aldurshóp, en slíkar tölur er ekki auðvelt að greina eftir landsvæðum og nær ómögulegt fyrir einstök sveitarfélög. Með úr-

vinnslu tiltækra gagna frá opinberum stofnunum miðaði manntalsverkefnið að því að ákvarða ofangreinda þætti fyrir hvern einstakling sem sennilegastur þótti ef ekki fengust beinar upplýsingar um tengsl hans við vinnumarkaðinn. Í reynd mætti staðsetja menntun annars staðar í upptalningunni um efnisþætti manntalsins en hér er verið að einfalda niðurskipan upplýsinga til að bæta yfirsýn um upplýsingagildi þeirra. Sérstakt átak var gert til að afla upplýsinga um menntun landsmanna með sem víðtækastri gagnasöfnun og þar með leggja grunninn að framtíðarskrá um þróun menntunar á milli manntala. Með slíkum upplýsingum er m.a. hægt að greina menntun þeirra sem flytja milli landsvæða og af landi brott með tiltölulega tíðum birtingum.

### Uppruni og hreyfanleiki

1. Fæðingarland, 2. Ríkisfangsland, 3. Ár síðustu komu til Íslands eftir árið 2000, 4. Ár síðustu komu til landsins eftir 1980, 5. Búseta ári fyrir manntalsdag.

Sérstök áhersla er lögð að á að manntalið veiti upplýsingar um fólk eftir uppruna þess og erlendri búsetu samkvæmt gögnum þjóðskrár. Eru þessi atriði skoðuð svo greina megi hugsanlegan aðstöðumun félagshópa og minnihlutahópa á Íslandi og hvaða atriði það eru helst sem ber á milli við samanburð á meginskýringarþáttum manntalsins.

### Fyrirkomulag húsnæðismála

1. Umráðaréttur heimila, 2. Húsnæðisfyrirkomulag, 3. Gerð hífýla, 4. Nýting íbúðarhúsnæðis, 5. Eignarhaldsform, 6. Fjöldi íbúa eftir íbúðum.

Hér eru félagslegir þættir húsnæðismála í fyrirrúmi þar sem leitað er upplýsinga um afnot og eignarhald á húsnæði. Einstaklingar eru samkvæmt þjóðskrá enn sem komið er eingöngu skráðir í tiltekin hús en ekki einstakar íbúðir. Fasteignaskráin geymir mikilvægar lykilupplýsingar um húsnæði á Íslandi. Með því að tengja saman húsnæði og íbúðir fást upplýsingar um þær íbúðir sem búið er í, hvernig húsnæðisaðstæður heimilanna eru, fjöldi íbúða sem standa auðar og húsnæði sem notað er sem frístundahúsnæði. Aflað var sérstaklega upplýsinga um leigjendur til að bæta gögnin varðandi eignarhald, þ.e. þá sem bjuggu í eigin húsnæði og þá sem leigðu íbúðarhúsnæði hjá öðrum. Þá má fá vísbendingar um hve víðtæk nýtingin er á íbúðarhúsnæði og jafnframt álykta um húsnæði sem er mannlaut eða enginn býr í á manntalsdegi.

### Eiginleikar íbúðarhúsnæðis

1. Nýtanlegt gólfpláss, 2. Fjöldi herbergja, 3. Þéttseta (gólfpláss), 4. Þéttseta (fjöldi herbergja), 5. Vatnsveita, 6. Vatnssalerni, 6. Baðaðstaða, 7. Upphitun, 8. Íbúðir eftir byggingargerð, 9. Íbúðir eftir byggingartíma.

Hér eru upplýsingar teknar saman um eiginleika íbúðarhúsnæðis; aldur og byggingargerð húsa, stærð íbúða og upptalning veigamikilla þæginda sem á íslenskan mælikvarða geta vart talist til tíðinda í heilan mannsaldur eða svo. Engu að síður er mikilvægt að talningar séu framkvæmdar á þessum atriðum fyrir evrópskan samanburð auk þess sem niðurstöðurnar geta vísað fram á veginn til úrbóta á upplýsingum um húsnæði þar sem ágallar finnast í gögnum sem upplýsingagjöfin byggir á.



## Um tilgang og gagnsemi manntala í nútíð og fortíð

### Hvað er manntal?

Manntal er safn upplýsinga um einstaklinga, búsetu þeirra og húsakynni. Það er framkvæmt í þeim megin tilgangi að veita fjölbreyttar tölulegar upplýsingar um lýðfræðilega, félagslega og hagræna þætti samfélagsins á tilteknum tíma. Manntal veitir innsýn í fjölskyldugerðir og hvernig einstaklingarnir tengjast innbyrðis og við aðra skýringarþætti í sama gagnasafni, svo sem heimili, búsetu eftir landsvæðum, menntun og stöðu á vinnumarkaði auk upplýsinga um íbúðarhúsnæði, hagnýtingu þess og eignarhald.

Ólíkt hagtölum sem eingöngu taka til landsins í heild geta manntöl veitt ítarlegar upplýsingar eftir landsvæðum, sveitarfélögum, byggðarkjörnum og jafnvel íbúðahverfum. Þessi sundurliðun manntalsupplýsinga gefur samkvæmt hefð nákvæmstu samfélagsmyndina sem opinber hagskýrslugerð nær að birta um alla landsmenn.

### Um hugtakið manntal og náskyld efni

Með hugtakinu manntal er átt við skrárbundnar upplýsingar um einstaklinga, þeirra skyldfólk og hagi þess. Kjarni þessara upplýsinga er tekinn saman í töflur sem birtar eru opinberlega. Með töku manntals eru fengnar ítarlegustu upplýsingar sem nokkur þjóð í heild fær aflað um íbúana til að lýsa fjölbreytileika samfélagsins. Þessar upplýsingar geta einnig ef svo ber undir náð til húsnæðis einstaklinganna. Engin úrtaksrannsókn nær því markmiði að geta lýst fjölbreytileika mannfélagsins niður í smæstu einingar þess og landsvæði. Hugtakið manntal í íslensku máli er gagnsætt en skortir annan þátt gagnasöfnunarinnar sem snýr að húsnæði. Með þennan annmarka í huga ber að skilja hugtakið manntal í merkingunni manntal og húsnæðistal líkt og gert er gjarnan í ensku (sbr. Population and housing census).

Annað hugtak sem hér skiptir máli til aðgreiningar er aðalmanntal. Þetta hugtak ber með sér hættu á misskilningi, því á vissu árabili fram að stofnun þjóðskrár (1952) voru aðalmanntöl tekin árlega til að afla upplýsinga um heildarfjölda íbúa á landinu. Hér er hugtakið manntal eingöngu notað um það heildarsafn ítarlegra upplýsinga um einstaklinga og húsnæði sem safnað er til tölfræðilegrar úrvinnslu á nokkurra ára fresti.

Hin árlegu manntöl ásamt upplýsingum um fædda, dána, hjónavígslur, hjónaskilnaði, búferlaflutninga og fleira voru mannfjöldaskýrslur sem Hagstofan birti, að hluta í Hagtíðindum en einkum í fimm og tíu ára samantektum fyrir tímabilið 1911 til 1980 í ritröðinni Hagskýrslur Íslands. Eftir það birti Hagstofan niðurstöður um mannfjöldann 1981 og síðar í Hagtíðindum auk þess sem greinargóð yfirlit hafa birst í hagtöluárbókinni Landshagir eftir að hún kom út í fyrsta sinn árið 1991.

Þar sem manntöl og árlegar mannfjöldaskýrslur hafa gegnum tíðina fléttast mikið saman í starfsemi Hagstofunnar skiptir máli að lesendur hafi í huga þessa aðgreiningu hagtalna.

## Manntöl sem heimild með mikla sérstöðu

Samfélagsmyndin, sem manntal veitir upplýsingar um, gildir fyrir tiltekinn dag sem viðmið en upplýsingarnar eru þess eðlis að þær halda almennt gildi sínu fyrir notendur yfir margra ára tímabil. Ekki þykir þörf á mjög tíðum manntölum, bæði sakir kostnaðar auk þess sem mælanlegar samfélagsbreytingar ná venjulega til lengri tíma en eins árs. Víða um heim hefur skapast sú hefð að manntöl eru tekin á tíu ára fresti og lengi vel fylgdi Ísland þeirri stefnu, fyrst sem hluti af stefnu danskra stjórnvalda og síðar samkvæmt lögum frá Alþingi eftir að Ísland fékk fullveldi.

Upplýsingarnar sem aflað er með manntali hafa breyst töluvert í tímans rás enda þótt kjarni upplýsinganna sé að mestu lítið breyttur til okkar tíma. Einstaklingurinn og nánasta umhverfi hans, fjölskylda, heimili og búseta, hafa ætíð legið til grundvallar töku manntala hér á landi en við hafa bæst í nokkrum áföngum viðbótarupplýsingar þegar stjórnvöldum þótti tímabært að afla þeirra í manntali. Sem dæmi má nefna var í manntalinu 1910 tekið að afla upplýsinga um íbúðarhúsnæði og árið 1950 var fyrst byrjað að safna upplýsingum um formlega menntun allra landsmanna.

## Eldri manntöl á Íslandi

Fyrsta manntalið á Íslandi var tekið árið 1703 undir verkstjórn Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og er það elsta varðveitta heimildin í heiminum sem hefur á skrá einstaklinga heillar þjóðar. Eftir það var ekki tekið manntal á Íslandi fyrr en 1762, og svo 1769, 1785 og 1801. Manntal var síðan tekið reglulega á 5 ára fresti árin 1835–1860, en eftir það á 10 ára fresti til 1960. Manntalið 1970 féll niður en síðasta hefðbundna manntalið á Íslandi var tekið 1981.

Alþingi samþykkti lög nr. 4, 18. maí 1920 um manntal á Íslandi, með ákvæði um að Hagstofa Íslands skyldi tíunda hvert ár annast framkvæmd á töku almenns manntals um land allt. Lögini breyttu ekki í reynd því skipulagi sem verið hafði á framkvæmd manntala áður, en treystu framkvæmd þeirra með því að gera þau að skylduverkefni, ekki síst með virkri þátttöku sveitarfélaga, og skylduðu almenning til að láta í té þær upplýsingar um sig og hagi sína samkvæmt eyðublöðum sem Hagstofan legði fram. Manntöl næstu áratugina fram til 1960 byggðu á þessum lögum. Aðgengilegustu samantektirnar um eldri manntölin frá upphafi er að finna í ritinu *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, sem Hagstofan gaf út árið 1997.

## Manntöl, þjóðskrá og aðrar upplýsingaveitur síðari tíma

Jafnhliða manntölum fyrr á tímum var safnað árlegum upplýsingum um mannfjöldann samkvæmt lauslegu fólksfjöldatali á hverju hausti. Þessi gögn voru hagnýtt í hagskýrslugerð til nauðsynlegustu upplýsingaöflunar vegna skorts á betri gögnum. Stofnun þjóðskrár árið 1952, sem almannaskrár innan vébanda Hagstofunnar, leysti m.a. úr vanda skattyfirvalda og fleiri aðila fyrir fullnægjandi upplýsingar um íbúa í sveitarfélögum 1. desember ár hvert. Þjóðskráin dró að þessu leyti úr þörfinni fyrir ýmsar þeirra upplýsinga sem aðalmanntölum var ætlað að safna svo sem heildarfjöldi íbúa. Ekki þótti þó tímabært að taka manntalið 1960 af dagskrá því of skammt var um liðið frá því rekstur þjóðskrárinnar hófst. Slík ákvörðun beið næsta aðalmanntals, árið 1970, en það féll niður samkvæmt heimild í lögum nr. 62/1969 um fyrirtækjaskrá. Tilgreind ástæða ákvörðunarinnar um niðurfellingu var sú að

með tilkomu þjóðskrár hefðu aðstæður breyst þannig, að ekki væri lengur þörf á slíku manntali og að auki spöruðust mikil fjárútlát við það. Við þá ákvörðun var talið að mikið af upplýsingum eldri manntala mætti afla á þeirri stundu með fyrirhafnarminni og ódýrari hætti. Hér var aðallega um að ræða upplýsingar um atvinnu og menntun fólks, og um íbúðarhúsnæði landsmanna. Fyrirsjáanlegt var, að með niðurfellingu manntals 1970 mundi fylgja einhver upplýsingaskortur en talið var að sá annmarki vægi ekki upp þann sparnað sem myndi fylgja niðurfellingu manntals. Niðurstaðan leiddi í ljós að fátt kom í stað hefðbundins manntals á þeirri stundu, og ekki rættist úr þeim áformum að nýjar upplýsingaveitur kæmst í gagnið.

Væntingar manna í þessu efni rættust ekki sem skyldi og skorti verulega á að unnt yrði að fylla upp í það tómarúm sem hér myndaðist 1970 að því er varðaði upplýsingar um atvinnu, menntun og húsnæði landsmanna. Þó að allmikið væri tiltækt af talnaefni um þetta voru miklir tæknilegir og skipulagslegir örðugleikar að tengja það gagnasafni þjóðskrár, og grundvöllur til samanburðar við niðurstöður fyrri manntala reyndist vera æði gloppóttur. Ákvörðunin um niðurfellingu manntals 1970 sætti gagnrýni, ekki síst af hálfu sveitarstjórnarmanna. Þegar nálgaðist árið 1980 varð sú skoðun yfirsterkari að nauðsynlegt væri að taka manntal í meira eða minna hefðbundnu formi við byrjun 9. áratug aldarinnar. Alþingi ákvað með lögum nr. 76/1980 að taka skyldi hefðbundið manntal 31. janúar 1981 og samþykkti um leið að eldri lög frá 1920 um manntöl skyldu afnumin. Engar lagalegar ráðstafanir hér á landi voru gerðar þess í stað til að tryggja framtíð manntala á Íslandi.

Af ýmsum ástæðum voru ekki skilyrði til þess að taka manntöl 1990 og 2000. Ekki þótti tímabært að undirbúa hefðbundið manntal 1990 þar sem ekki tókst að ljúka við úrvinnslu manntalsins 1981 m.a. vegna ófullnægjandi undirbúnings í aðdraganda þess. Á hinn bóginn voru að opnast nýir möguleikar til að taka upp þráðinn frá áformum vegna manntalsins 1970 og taka næsta manntal á grundvelli tiltækra stjórnsýsluskráa, einkum opinberra stofnana, með upplýsingum um einstaklinga, íbúðarhúsnæði og fleira.

### **Erlent samstarf og skuldbindingar um gerð manntala**

Þegar Hagstofan fór að undirbúa manntal í samræmi við alþjóðlegar kröfur á árinu 2010 varð ljóst að gæði skráanna væru orðin það mikil að hægt væri að taka manntal á grundvelli þeirra

Hagstofa Sameinuðu þjóðanna og undirstofnanir hennar hafa um áratugaskeið unnið ötulst starf við að hvetja, leiðbeina og aðstoða hagstofur um allan heim við framkvæmd manntala. Árið 2007 samþykkti efnahags- og félagsmálaráð Sameinuðu þjóðanna (United Nations Economic and Social Council; ECOSOC) tilmæli um manntal um heim allan með 2010-11 sem viðmiðunarár. Á svipuðum tíma birtu Sameinuðu þjóðirnar ný og endurskoðuð tilmæli um framkvæmd slíkra manntala sem ber heitið „United Nations Principles and Recommendations for Population and Housing Censuses,“ stundum stytt í „World Census Recommendations“. Jafnframt var lögð aukin áhersla á stuðning samtakanna við einstök aðildarríki til að tryggja sem best framgang verkefnisins. Hagstofa Evrópusambandsins, Eurostat, sem Hagstofa Íslands starfar mikið með, hefur átt náið samstarf við þær undirstofnanir Sameinuðu þjóðanna sem koma að undirbúningi verkefnisins.

Árið 2008 setti Evrópusambandið reglugerð (EB) nr. 763/2008 sem skuldbindur aðildarríkin til að taka manntöl og húsnæðistöl á tíu ára fresti. Það fyrsta miðast við árið 2010-11. Megintilgangur reglugerðarinnar er að tryggja að öll aðildarríki fylgi sömu skilgreiningum og flokkunum við töku manntala þannig að niðurstöður þeirra verði sem mest sambærilegar milli ríkjanna. Reglugerðin var tekin inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2009 frá 24. apríl 2009 um breytingu á XXI. viðauka (hagskýrslugerð) við EES-samninginn. Af þeim sökum var Ísland sem EES-ríki skuldbundið að taka þátt í verkefninu. Með því að veita til þess svonefndan IPA-styrk vegna aðildarumsóknar Íslands kostaði Evrópusambandið að stórum hluta framkvæmd manntalsins hér á landi.

Manntalið 2011, sem er rafrænt manntal, er tímamótaverk á Íslandi hvað aðferðir, gagnasöfnun og úrvinnslu gagna varðar. Manntalið er umfangsmesta hagskýrsluverkefni Evrópusambandsins á sviði félagsmálatölfræði — og jafnframt Hagstofunnar — frá því EES-samningurinn tók gildi árið 1994.

### **Hvað má læra af niðurstöðum manntals?**

Gagnsemi manntals felst ekki hvað síst í mikilvægi þess fyrir stóra notendahópa með mismunandi þarfir fyrir tölulegar upplýsingar. Manntöl nýtast stjórnvöldum til skipulagningar opinberrar þjónustu í byggðarlögum hvort sem það varðar skólamál, heilbrigðis- og félagsþjónustu, samgöngur, vegakerfi og aðra innviði samfélagsins. Manntöl geta einnig aukið þekkingu manna á þróun þéttbýlis og dreifbýlis, veitt upplýsingar um breytingar og jafnvel misvægi í þróun kynjaskiptingar í atvinnulífi og menntun. Jafnframt geta manntöl vísað veginn í frekari samfélagslegum og efnahagslegum rannsóknum og sparað þannig fjármuni og fyrirhöfn við úrlausn tiltekinna viðfangsefna. Með því móti má þrengja hringinn utan um tiltekin málefni sem manntöl geta varpað ljósi á, en svara þó ekki með beinum hætti. Hið sama gildir um staðbundnar upplýsingar varðandi einstök landsvæði eða byggðalög sem aðrar heimildir og gagnaveitur skortir sambærilegar upplýsingar um með sambærilegri nákvæmni.

Vafalaust á manntalið 2011 eftir að veita landsmönnum ítarlegar upplýsingar af því tagi sem hér að ofan eru nefndir. Að sama skapi þarf að meta hvað næsta manntal þyrfti að veita nánari upplýsingar um, þegar og ef ákvörðun verður tekin um töku slíks manntals á næstu árum. Af mörgu er að taka sem bæta mætti við manntalið 2011 og má þar nefna að engum upplýsingum var safnað um tekjur og tekju-dreifingu landsmanna né aðra efnahagslega afkomu íbúanna. Nærtækasta skýringin á þeirri ákvörðun er sú að skuldbindingar Íslands samkvæmt EES-samkomulaginu kváðu ekki á um innsöfnun slíkra upplýsinga hvað svo sem verður ákveðið í næsta manntali. Hagstofa Íslands kappkostaði við gerð manntalsins 2011 að halda umsvifum verkefnisins og kostnaði í lágmarki og að tefla verkefninu ekki í tvísýnu með innsöfnun annarra en nauðsynlegustu upplýsinga til að uppfylla skuldbindingar Íslands um tölulegar upplýsingar sem væru samanburðarhæfar fyrir öll aðildarríki á EES-svæðinu.

### **Skýringar**

#### *Atvinnugrein*

Atvinnugrein vísar til tegundar framleiðslu eða starfsemi fyrirtækis eða svipaðrar einingar þar sem einstaklingur, sem er virkur á vinnumarkaði eins og er, vinnur í tiltekinni vinnustöð.

Einstaklingar sem sækja vinnu í fleiri en einni atvinnugrein eru heimfærðir á þá atvinnugrein sem skilaði hæstu tekjunum. Sundurliðað er samkvæmt bálkum alþjóðlegu atvinnugreinaflokkunarinnar ÍSAT 2008 (NACE Rev. 2). Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.

- Atvinnustétt* Flokkað er eftir flokkunarstaðli ILO, ICSE. Miðað er við greiðsluform til ríkisskattstjóra, en „ármenn“ og þeir sem greiða skatta af reiknuðu endurgjaldi eða greiða sjálfum sér laun teljast ekki launþegar. Makar þeirra sem standa fyrir búi teljast til „ólaunaðs skylduliðs“ ef þeir sinna ekki öðrum störfum utan búins. Ef einstaklingur er bæði vinnuveitandi og launþegi er honum skipað í aðeins einn flokk samkvæmt fengnum tekjum. Eigendur og stjórnendur einkahlutafélaga teljast launþegar ef laun þeirra eru staðgreiðsluskyld og greidd af einkahlutafélaginu. Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.
- Byggðarstig* Byggðarstig er flokkun á þéttbýlisstöðum eftir stærð. Þéttbýlisstaður er skilgreindur sem ákveðin íbúabyrping, þ.e. svæði þar sem fólk býr í nær- eða samliggjandi byggingum. Slíkar byggingar geta verið:
- a) samfelt þéttbýli með skýrt afmörkuðum götum eða
  - b) þyrping bygginga sem ber viðurkennt, sérstakt staðarheiti, þótt hún sé ekki hluti af slíku þéttbýli eða
  - c) þyrping bygginga, þar sem hvergi er meira en sem nemur 200 metrum milli bygginga, þótt hún uppfylli hvorugt framangreindra viðmiða.
- Byggingargerð* Flokkað er eftir flokkunarstaðlinum IST120, flokkunin tekur mið af því hversu margar íbúðir eru í byggingunni þar sem íbúðin er. Raðhús og parhús teljast sem ein bygging.
- Byggingartími* Miðað er við árið þegar byggingin þar sem íbúðin er var fullgerð.
- Eignarhaldsform* Miðað er við eignarhald á húsnæðinu en ekki landinu þar sem húsnæðið er. „Eignaríbúðir“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi á hluta húsnæðisins eða það allt. „Búsetuíbúðir“ vísar til eignarhalds innan ramma samvinnufélags um húsnæði. „Leiguíbúðir“ er húsnæði þar sem a.m.k. einn íbúi greiðir leigu fyrir að búa í húsnæðinu og þar sem enginn íbúi á hluta af húsnæðinu eða það allt.
- Fjölskyldugerð* Fjölskyldukjarni eru tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Því getur gerð fjölskyldu verið barnlaust þar eða þar með eitt eða fleiri börn eða einstætt foreldri með eitt eða fleiri börn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúpbarns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalin. Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn, heldur telst til eigin fjölskyldukjarna. Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), er talið á skráðu lögheimili sínu.
- Tveir einstaklingar eru taldir vera þar í „sambúð“ þegar þeir:
- búa á sama heimili og
  - eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera kynforeldrar sama barns) og
  - eru ekki giftir hvorir öðrum.

Heimili með afa og/eða ömmu og einu eða fleiri barnabörnum en engu foreldri þessara barna falla ekki undir skilgreininguna á fjölskyldukjarna.

- Fæðingarland* Miðað er við það land sem móðirin hafði vanalega búsetu þegar fæðingin átti sér stað, eða, ef þær upplýsingar eru ekki fyrir hendi, fæðingarstaðnum. Miðað er við fæðingarlandið á grundvelli alþjóðlegra landamæra sem í gildi eru hinn 1. janúar 2011.
- Gerð heimilis* Einkaheimili er skilgreint á grundvelli íbúðarinnar, en ekki á grundvelli sameiginlegs heimilishalds. Í því felst að allir einstaklingar sem búa í íbúð séu heimilisfólk á sama heimili, þannig að það er eitt heimili á hverja íbúð sem búið er í. Vegna þessa eru nokkur heimili í manntalinu afar stór, en ekki liggja fyrir heimildir um uppskiptingu leiguhúsnæðis, þar sem leigt er til margra einstaklinga, eða óskráðra aukaíbúða sem leigð eru út. Alla jafnan er sama hvort rætt er um íbúð eða heimili, einstaklingarnir eru þeir sömu. Frá því eru þó undantekningar. Fjölskyldukjarnar eða fólk utan fjölskyldukjarna sem búsett er á gistiheimilum, eða starfsmenn á stofnunum sem búa á stofnuninni ásamt fjölskyldum sínum og íbúðin er ekki þekkt, eru taldir hver um sig sem eitt heimili. „Fólk í húsnæðishraki“, þ.e. fólk sem hefur flutt oft milli íbúða á árinu eða er á biðlista sveitarfélaga vegna húsnæðisleysis, er ekki talið með einkaheimilum.
- Gerð híbýla* Hefðbundið íbúðarhúsnæði er afmarkað og sjálfstætt húsnæði á föstum stað sem er hannað fyrir varanlega búsetu manna og er, á viðmiðunardeginum,  
 a) notað til búsetu,  
 b) stendur autt eða  
 c) haft til árstíðabundinnar notkunar eða aukanota.  
 „Afmarkað“: umlukið veggjum og með þaki eða lofti, þannig að einn eða fleiri einstaklingar geti búið út af fyrir sig.  
 „Sjálfstætt“: með beinum aðgangi frá götu eða stiga, gangi, súlnagöngum eða lóð.  
 „Annað húsnæði“ eru skúrar, kofar, hreysi, hjallar, hjólhýsi, húsbátar, eða hvert annað skýli sem notað er til mannbústaðar þegar manntalið er gert, án tillits til hvort það var hannað í til mannvistar. „Sambýlishúsnæði“ er húsnæði sem hannað er til búsetu stórra hópa einstaklinga eða fyrir nokkur heimili og a.m.k. einn einstaklingur notar til vanalegrar búsetu þegar manntalið er gert. Hefðbundið íbúðarhúsnæði í notkun, annað húsnæði og sambýlishúsnæði kallast einu nafni „híbýli“. Öll híbýli verða að vera vanalegur bústaður a.m.k. eins einstaklings.
- Hjúskaparstaða* Hjúskaparstaða er skilgreind samkvæmt hjúskaparlögum. Hjúskaparstaða einstaklings er flokkuð samkvæmt nýjustu hjúskaparstöðu hans að lögum á viðmiðunardegi. Fólk sem er skilið að borði og sæng telst vera í hjónabandi. Staðfest samvist tveggja einstaklinga af sama kyni hélt gildi sínu til 19. júlí 2010 en eftir það gilda reglur um hjónaband tveggja einstaklinga samkvæmt lögum. Enda þótt skráning hjúskaparstöðu hafi ekki verið formlega breytt úr staðfestri samvist í hjónaband gilda lög eins og um hjónaband sé að ræða í báðum tilvikum og því greina lög in ekki á milli þessara hugtaka upp frá því. Jafnvel þótt einstaklingar hafi ekki formlega breytt hjúskaparstöðu sinni úr staðfestri samvist í hjónaband er í manntalinu hið síðara látið gilda.
- Húsnæðisfyrirkomulag* Húsnæðisfyrirkomulag nær yfir heildarmannfjölda og vísar til gerðar hússins, þar sem einstaklingur hefur venjulega fasta búsetu, á þeim tíma þegar manntalið er gert. Hann nær yfir alla einstaklinga sem hafa vanalega búsetu í ólíkum gerðum híbýla, þá sem eru ekki með vanalega búsetu og dvelja tímabundið í einhvers konar

aðsetri og þá sem eru án þaks yfir höfuðið og sofa á götunni eða í neyðarskýlum á þeim tíma þegar manntalið er gert. Íbúar sem nýta tiltekið íbúðarhúsnæði eru einstaklingar með vanalega búsetu á þeim stöðum sem skráðir eru í flokka eftir því sem við á. „Heimilislausir“ geta verið einstaklingar sem eru á götunni án skýlis er gæti flokkast sem vistarvera (útiganga) eða einstaklingar sem flytja oft úr einu skammtímahúsnæðinu í annað (fólk í húsnæðishraki).

*Menntunarstig* Menntunarstig vísar til hæsta stigs menntunar sem lokið er innan menntakerfis þess lands þar sem hennar var aflað. Öll menntun sem skiptir máli við lok námsstigs skal tekin með í reikninginn, jafnvel þótt hennar hafi verið aflað utan skóla. Einstaklingar 15 ára eða eldri eru aðeins settir í einn flokk menntunarstigs sem að öllu jöfnu er hæsta stig sem lokið er. Einstaklingar undir 15 ára aldri eru flokkaðir í „á ekki við“.

*Nýtanlegt gólfpláss* Nýtanlegt gólfpláss er skilgreint sem sá gólfplötur sem mælist innan útveggja að undanskildum óíbúðarhæfum kjöllum og háaloftum og öllum almenningsrýmum í fjölbýlishúsum. Þar sem fasteignamatið skráir eingöngu upplýsingar um brúttó (þar með talið útveggi) og nettó gólfplöt (að undanskildum innveggjum) er nýtanlegt gólfpláss fundið út með óbeinni aðferð með línulegu aðhvarfi skv. formúlunni  $(a + bX)$  á grundvelli gagna um brúttó gólfplöt. Stikarnir (parametrar) „a“ og „b“ í jöfnunni voru ákvarðaðir út frá úrtaki íbúða í gagnagrunni fasteignamatsins.

*Nýting íbúða* Íbúðir í notkun er hefðbundið íbúðarhúsnæði þar sem einn eða fleiri einstaklingar hafa vanalega búsetu þegar manntalið er gert. Íbúðir ekki í notkun eru hefðbundnar íbúðir þar sem enginn hafði vanalega búsetu þegar manntalið var tekið.

*Ríkisfangsland* Ríkisfang er skilgreint sem sérstök lagaleg tengsl milli einstaklings og ríkis hans/hennar, sem verða til við fæðingu eða með veitingu ríkisborgararéttar, hvort sem er með yfirlýsingu, vali, hjónabandi eða eftir öðrum leiðum sem samræmast landslöggjöf. Einstaklingur með ríkisborgarétt í tveimur eða fleiri löndum skal aðeins talinn til eins ríkisfangslands sem skal ákvarðað með eftirfarandi forgangs röð:

1. Ísland,
2. aðildarríki ESB, ef einstaklingurinn hefur ekki íslenskan ríkisborgarétt, eða
3. annað land utan Evrópusambandsins.

„Aðildarríki ESB“: land sem er aðili að Evrópusambandinu hinn 1. janúar 2011. Einstaklingar sem eru hvorki ríkisborgarar í neinu landi né ríkisfangslausir, og hafa einhver en ekki öll réttindi og skyldur sem tengjast ríkisborgarétti, eru flokkaðir í „Viðurkenndir utanríkisborgarar“.

*Staða á heimili* Einstaklingar á einkaheimili ná yfir efnisflokkana „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ og „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“. Flokkurinn „Einstaklingar í fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem búa á einkaheimili er hýsir fjölskyldukjarnann sem þeir tilheyra. Flokkurinn „Einstaklingar utan fjölskyldukjarna“ nær yfir alla einstaklinga sem annaðhvort tilheyra heimili án fjölskyldu eða fjölskylduheimili, án þess að tilheyra neinum fjölskyldukjarna á því heimili. Heimili án fjölskyldu getur verið heimili eins einstaklings eða sameiginlegt heimili fleiri en eins einstaklings án fjölskyldukjarna. Flokkurinn „Búa ekki einir“ nær yfir einstaklinga sem búa annaðhvort á sameiginlegu heimili án fjölskyldukjarna eða á fjölskylduheimili án þess að tilheyra fjölskyldukjarnanum á því heimili. „Stofnanaheimili“ eru heimili rekin af lögaðilum þar sem hópi fólks er veitt húsnæði og þjónusta til lengri tíma. Stofnanir hafa gjarnan sameiginleg þægindi sem íbúarnir deila með sér (snyrtiaðstöðu, setustofur, mötuneyti, svefnskála og svo framvegis).

Til stofnanaheimila teljast meðal annars hjúkrunarheimili, dvalarheimili, íbúðir fyrir aldraða með sólarhringsþjónustu, stúdentagarðar, sambyli fyrir fatlaða, fangelsi og klaustur.

*Staða á vinnumarkaði* Staða á vinnumarkaði eru núverandi tengsl einstaklings við atvinnustarfsemi, byggð á viðmiðunartímabili sem er nóvembermánuður 2011. Í nokkrum tilvikum þegar upplýsingar leyfðu var staðan á vinnumarkaði 30. nóvember 2011. Þegar skráð er ein tiltekin atvinnustaða á hvern einstakling er staðan „í vinnu“ tekin fram yfir „atvinnulaus“ og staðan „atvinnulaus“ tekin fram yfir „ekki virkur á vinnumarkaði“. Einstaklingar sem urðu 15 ára á manntalsárinu 2011 og þaðan af yngri einstaklingar teljast ekki vera á vinnualdri.

*Staða í fjölskyldu* Fjölskyldukjarni er tveir eða fleiri einstaklingar sem tilheyra sama heimili og eru tengdir sem makar eða sem foreldri og barn. Þetta fjölskylduhugtak takmarkar tengsl milli barna og fullorðinna við bein tengsl (í fyrsta lið), þ.e. milli foreldris og barns. Barn (sonur/dóttir) vísar til líffræðilegs barns, stjúpbarns eða ættleidds barns án tillits til aldurs eða hjúskaparstöðu sem hefur vanalega búsetu á heimili a.m.k. annars foreldris og á hvorki maka né eigið barn á sama heimili. Fósturbörn eru ekki meðtalin. Sonur eða dóttir á heimili sem býr með maka eða einu eða fleiri af sínum eigin börnum, telst ekki vera barn, heldur telst til eigin fjölskyldukjarna. Barn, sem býr til skiptis á tveimur heimilum (t.d. ef foreldrar þess eru skilin), er talið á skráðu lögheimili sínu.

Tveir einstaklingar eru taldir vera í „sambúð“ þegar þeir:

- búa á sama heimili og
- eiga í hjónasambandi (þ.m.t. að vera kynforeldrar sama barns) og
- eru ekki giftir hvorir öðrum.

Heimili með afa og/eða ömmu og einu eða fleiri barnabörnum en engu foreldri þessara barna falla ekki undir skilgreininguna á fjölskyldu.

*Starfsstétt* Flokkað er eftir tegund vinnunnar sem innt er af hendi í starfinu (þ.e. meginverkefni og vinnuskyldur starfsins). Sundurliðunin er í samræmi við tíu bálla alþjóðlegu starfsgreinaflokkunarinnar (ISCO-08). Sama starf liggur til grundvallar flokkun eftir atvinnugrein, starfsstétt og atvinnustétt.

*Umráðaréttur heimila* „Umráðaréttur heimila vísar til þess með hvaða hætti einkaheimili nær yfir heila íbúð eða hluta hennar. Heimili, þar sem borgað er veðlán af íbúðinni þar sem heimilisfólk býr eða kaup á íbúðinni fara fram með annars konar fjárhagsráðstöfunum, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“. Heimili, þar sem a.m.k. einn heimilismaður er eigandi íbúðarinnar og a.m.k. einn leigjandi í allri íbúðinni eða hluta hennar, eru flokkuð í flokkinn „Heimili í eignaríbúð“.

*Vanaleg búseta* Með vanalegri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur dvelur að öllu jöfnu sér til hvíldar og nætursvefns, án tillits til tímabundinnar fjarveru vegna afþreyingar, sumarleyfa, heimsóknar til vina og skyldmenna, viðskiptaferða, sjúkrahúsdvalar eða ferðalaga í trúarlegum tilgangi. Vanalegur búsetustaður merkir að einstaklingar, sem vanalega eru búsettir á talningarstað en eru fjarverandi, eða búist er við að séu fjarverandi, í styttri tíma en hálf tveimur árum þegar manntalið er gert, eru taldir vera fjarverandi til skamms tíma og teljast því með í heildarmannfjölda.



Einstaklingar skráðir með lögheimili á Íslandi en uppfylla ekki viðmið vanalegrar búsetu á talningarstað, þ.e. búa ekki eða reikna ekki með að búa á talningarstað í a.m.k. 12 mánuði samfleytt, eru álitnir vera viðstaddir til skamms tíma og því ekki taldir með í venjulegum heildarmannfjölda vanalegrar búsetu. Þegar tímabundin fjarvera fæst ekki staðfest er skráð lögheimili látið gilda.

*Þéttseta* Með þéttsetu er átt við nýtanlegt gólfpláss (í fermetrum) deilt með fjölda íbúa.

## English summary

According to the Icelandic Census 2011, the total number of persons residing in Iceland was 315,556 on 31 December of 2011. This was 4,019 persons fewer than in the population statistics previously published by Statistics Iceland which is based on legal domicile. This is mainly due to different definitions.

This is part of the results from the new Icelandic Census with the reference date of 31 December 2011. In addition to traditional population statistics, the Census also covers families, private households, persons living in institutional households, homeless persons, educational attainment, labour market status and housing arrangements. The Census is a register based Census where information on the population is derived from official registers. The Census was co-financed by the European Commission and is part of comparable Censuses conducted all over Europe in 2011.

The Icelandic population consists of 81,380 families and 60,454 persons not in family nucleus. Most of the families are families with children. The number of families with at least one child younger than 25 was 54,222 and 22,444 families consisted of couples without any children. There were 118,617 private households according to the Census with 307,398 persons which corresponds to 2.59 individuals on average in each private household. In addition 7,397 persons were living in institutional households and 761 were homeless or not living in a private household, but category not stated.

The Census gives a good overview of the educational attainment of the Icelandic population. Of those who were 15 years and older 60,922 had finished tertiary education, or 24.4%, compared to 102,832 who had only finished lower secondary education or less, or 41.2%.

According to the Census 72.2% of persons 16 years or older were economically active, 69% of women compared to 75.3% of men. The unemployment rate was 6.2%. Of those who were economically active 14,793 were non-nationals or 8.3%. The activity rate was highest amongst citizens from EU countries or Asia and lowest amongst citizens from North-America.

According to the Census 85,045 households occupied dwellings with at least one household member owning the dwelling, 31,851 households occupied rented dwellings, and 1,721 had other types of tenure status.

The proportion of unoccupied conventional dwellings out of all conventional dwellings was 6.6%.

**Tafla 6. Mannfjöldi með lögheimili á Íslandi eða vanalega búsetu 31. desember 2011**

Table 6. Population with Icelandic domicile or usual residence in Iceland by 31 December 2011

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Mannfjöldi með lögheimili á Íslandi 1. janúar 2012</b> <i>Population with Icelandic domicile</i>	<b>319.575</b>	<b>160.364</b>	<b>159.211</b>
<b>Bætt við mannfjöldann</b> <i>Added to the population</i>	<b>1.985</b>	<b>1.074</b>	<b>911</b>
Vegna skráningarástæðna <i>Due to registration reasons</i>	762	408	354
Vegna vinnu, náms eða annarra ástæðna, þ.m.t. hælisleitendur <i>Due to work, study and other reasons, incl. asylum seekers</i>	1.223	666	557
<b>Fjarlægðir úr mannfjöldanum</b> <i>Removed from the population</i>	<b>6.004</b>	<b>3.291</b>	<b>2.713</b>
Vegna skráningarástæðna <i>Due to registration reasons</i>	2.130	1.201	929
Vegna náms eða aðseturs erlendis <i>Due to study or registered residence abroad</i>	1.951	952	999
Vegna vísbendinga um búsetu erlendis <i>Due to evidence of foreign residence</i>	1.923	1.138	785
<b>Mannfjöldi með vanalega búsetu á Íslandi 31. desember 2011</b> <i>Population with usual residence in Iceland</i>	<b>315.556</b>	<b>158.147</b>	<b>157.409</b>

**Tafla 7. Mannfjöldi eftir stöðu á heimili og kyni 31. desember 2011**

Table 7. Population by household status and sex 31 December 2011

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Alls Total</b>	<b>315.556</b>	<b>158.147</b>	<b>157.409</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Einstaklingar á einkaheimili <i>Persons living in a private household</i>	307.398	154.481	152.917	97,4	97,7	97,1
Einstaklingar í fjölskyldukjarna <i>Persons in a family nucleus</i>	253.068	125.088	127.980	80,2	79,1	81,3
Einstaklingar í hjónabandi <i>Persons in a married couple</i>	102.672	51.332	51.340	32,5	32,5	32,6
Einstaklingar í sambúð <i>Partners in a consensual union</i>	27.202	13.565	13.637	8,6	8,6	8,7
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	15.659	2.142	13.517	5,0	1,4	8,6
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	107.535	58.049	49.486	34,1	36,7	31,4
Einstaklingar ekki í fjölskyldukjarna <i>Persons not in a family nucleus</i>	54.330	29.393	24.937	17,2	18,6	15,8
Búa ein <i>Living alone</i>	36.942	18.979	17.963	11,7	12,0	11,4
Búa með öðrum einstaklingum <i>Not living alone</i>	17.388	10.414	6.974	5,5	6,6	4,4
Einstaklingar utan einkaheimilis <i>Persons not living in a private household</i>	8.158	3.666	4.492	2,6	2,3	2,9
Einstaklingar á stofnanaheimili <i>Persons in an institutional household</i>	7.397	3.227	4.170	2,3	2,0	2,6
Útigangsfólk <i>Primary homeless persons</i>	111	75	36	0,0	0,0	0,0
Fólk í húsnæðishraki <i>Persons not living in a private household, but category not stated</i>	650	364	286	0,2	0,2	0,2

**Tafla 8. Einkheimili eftir gerð, fjölda heimilismanna og meðalfjölda á heimili 31. desember 2011**

Table 8. Private households by type, number of household members and average number of persons per household 31 December 2011

	Heimili <i>Households</i>		Einstaklingar <i>Individuals</i>		Meðal- fjöldi á heimili <i>Average no. per household</i>
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	
<b>Alls Total</b>	<b>118.617</b>	<b>100,0</b>	<b>307.398</b>	<b>100,0</b>	<b>2,59</b>
Fjölskyldulaus heimili <i>Non-family households</i>	41.015	34,6	46.483	15,1	1,13
Einstaklingsheimili <i>One-person households</i>	36.942	31,1	36.942	12,0	1,00
Heimili með tveimur eða fleiri einstaklingum <i>Multiperson households</i>	4.073	3,4	9.541	3,1	2,34
Einnar fjölskyldu heimili <i>One-family households</i>	69.459	58,6	220.342	71,7	3,17
Hjón <i>Married couple households</i>	45.549	38,4	147.571	48,0	3,24
Hjón án barna á heimili <i>Married couples without resident children</i>	17.483	14,7	34.966	11,4	2,00
Hjón með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Married couples with at least one resident child under 25</i>	25.523	21,5	104.670	34,1	4,10
Hjón, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Married couples, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	2.543	2,1	7.935	2,6	3,12
Sambúð <i>Consensual union couple households</i>	11.803	10,0	41.825	13,6	3,54
Sambúð án barna á heimili <i>Consensual union couples without resident children</i>	2.038	1,7	4.076	1,3	2,00
Sambúð með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Consensual union couples with at least one resident child under 25</i>	9.586	8,1	37.188	12,1	3,88
Sambúð, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Consensual union couples, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	179	0,2	561	0,2	3,13
Feður með börn <i>Lone father households</i>	1.613	1,4	3.743	1,2	2,32
Feður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone father households with at least one resident child under 25</i>	1.254	1,1	2.999	1,0	2,39
Feður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone father households, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	359	0,3	744	0,2	2,07
Mæður með börn <i>Lone mother households</i>	10.494	8,8	27.203	8,8	2,59
Mæður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone mother households with at least one resident child under 25</i>	9.458	8,0	25.037	8,1	2,65
Mæður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone mother households, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	1.036	0,9	2.166	0,7	2,09
Heimili með tveimur eða fleiri fjölskyldum <i>Two-or-more-family households</i>	8.143	6,9	40.573	13,2	4,98

**Tafla 9. Einkaheimili eftir gerð heimilis og umráðarétti 31. desember 2011**

Table 9. Private households by type and tenure status 31 December 2011

	Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	Í eignar- íbúð <i>Household member owns the dwelling</i>	Í leiguíbúð eða ótilgr. <i>Household member rents and not stated</i>	Annars konar umráð <i>Other tenure status</i>	Hlutfall heimila í eignaríbúð <i>Percent in owner occupied dwelling</i>
<b>Alls Total</b>	<b>118.617</b>	<b>85.045</b>	<b>31.851</b>	<b>1.721</b>	<b>71,7</b>
Fjölskyldulaus heimili <i>Non-family households</i>	41.015	22.047	18.273	695	53,8
Einstaklingsheimili <i>One-person households</i>	36.942	19.876	16.441	625	53,8
Heimili með tveimur eða fleiri einstaklingum <i>Multiperson households</i>	4.073	2.171	1.832	70	53,3
Einnar fjölskyldu heimili <i>One-family households</i>	69.459	56.668	11.846	945	81,6
Hjón <i>Married couple households</i>	45.549	40.522	4.329	698	89,0
Hjón án barna á heimili <i>Married couples without resident children</i>	17.483	15.582	1.431	470	89,1
Hjón með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Married couples with at least one resident child under 25</i>	25.523	22.543	2.788	192	88,3
Hjón, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Married couples, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	2.543	2.397	110	36	94,3
Sambúð <i>Consensual union couple households</i>	11.803	9.155	2.515	133	77,6
Sambúð án barna á heimili <i>Consensual union couples without resident children</i>	2.038	1.568	432	38	76,9
Sambúð með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Consensual union couples with at least one resident child under 25</i>	9.586	7.419	2.073	94	77,4
Sambúð, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Consensual union couples, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	179	168	10	1	93,9
Feður með börn <i>Lone father households</i>	1.613	1.125	467	21	69,7
Feður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone father households with at least one resident child under 25</i>	1.254	818	420	16	65,2
Feður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone father households, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	359	307	47	5	85,5
Mæður með börn <i>Lone mother households</i>	10.494	5.866	4.535	93	55,9
Mæður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone mother households with at least one resident child under 25</i>	9.458	4.973	4.397	88	52,6
Mæður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone mother households, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	1.036	893	138	5	86,2
Heimili með tveimur eða fleiri fjölskyldum <i>Two-or-more-family households</i>	8.143	6.330	1.732	81	77,7

**Tafla 10. Mannfjöldi eftir stöðu í fjölskyldu og hjúskaparstöðu 31. desember 2011**

Table 10. Population by family status and legal marital status 31 December 2011

	Alls <i>Total</i>	Aldrei gifst <i>Never married</i>	Gift <i>Married</i>	Ekkjur/ ekklar <i>Widowed</i>	Fráskilin <i>Divorced</i>	Ótilgreint <i>Not stated</i>
<b>Alls Total</b>	<b>315.556</b>	<b>170.109</b>	<b>108.027</b>	<b>11.297</b>	<b>18.541</b>	<b>7.582</b>
Í hjónabandi <i>Persons in a married couple</i>	103.256	–	103.256	–	–	–
Í sambúð <i>Partners in a consensual union</i>	27.600	24.342	26	166	2.943	123
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	15.952	8.271	1.569	1.072	4.881	159
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	108.294	107.444	129	3	249	469
Á ekki við <i>Not applicable</i>	60.454	30.052	3.047	10.056	10.468	6.831
<b>Karlar Males</b>	<b>158.147</b>	<b>89.003</b>	<b>53.866</b>	<b>2.760</b>	<b>8.063</b>	<b>4.455</b>
Í hjónabandi <i>Persons in a married couple</i>	51.624	–	51.624	–	–	–
Í sambúð <i>Partners in a consensual union</i>	13.763	12.040	15	77	1.529	102
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	2.163	688	302	291	850	32
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	58.423	57.879	95	2	206	241
Á ekki við <i>Not applicable</i>	32.174	18.396	1.830	2.390	5.478	4.080
<b>Konur Females</b>	<b>157.409</b>	<b>81.106</b>	<b>54.161</b>	<b>8.537</b>	<b>10.478</b>	<b>3.127</b>
Í hjónabandi <i>Persons in a married couple</i>	51.632	–	51.632	–	–	–
Í sambúð <i>Partners in a consensual union</i>	13.837	12.302	11	89	1.414	21
Einstæðir foreldrar <i>Lone parents</i>	13.789	7.583	1.267	781	4.031	127
Synir/dætur <i>Sons/daughters</i>	49.871	49.565	34	1	43	228
Á ekki við <i>Not applicable</i>	28.280	11.656	1.217	7.666	4.990	2.751

**Tafla 11. Fjölskyldukjarnar eftir gerð, fjölda í fjölskyldu og meðalfjölda í fjölskyldu 31. desember 2011**

Table 11. Family nuclei by type, number of family members and average number of family members 31 December 2011

	Fjölskyldukjarnar <i>Family nuclei</i>		Einstaklingar <i>Persons</i>		Meðal- fjöldi <i>Average number</i>
	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	Fjöldi <i>Number</i>	Hlutfall <i>Percent</i>	
<b>Alls Total</b>	<b>81.380</b>	<b>100,0</b>	<b>255.102</b>	<b>100,0</b>	<b>3,13</b>
Hjónafjölskyldur <i>Married couple families</i>	51.628	63,4	166.521	65,3	3,23
Hjón án barna á heimili <i>Married couple families without resident children</i>	19.984	24,6	39.968	15,7	2,00
Hjón með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Married couple families with at least one resident child under 25</i>	28.803	35,4	117.693	46,1	4,09
Hjón, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Married couple families, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	2.841	3,5	8.860	3,5	3,12
Sambúðarfjölskyldur <i>Consensual union couple families</i>	13.800	17,0	48.439	19,0	3,51
Sambúðarfólk án barna á heimili <i>Consensual union couples without resident children</i>	2.460	3,0	4.920	1,9	2,00
Sambúðarfólk með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Consensual union couples with at least one resident child under 25</i>	11.138	13,7	42.886	16,8	3,85
Sambúðarfólk, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Consensual union couples, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	202	0,2	633	0,2	3,13
Feður með börn <i>Lone father families</i>	2.163	2,7	4.959	1,9	2,29
Feður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone father families with at least one resident child under 25</i>	1.722	2,1	4.047	1,6	2,35
Feður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone father families, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	441	0,5	912	0,4	2,07
Mæður með börn <i>Lone mother families</i>	13.789	16,9	35.183	13,8	2,55
Mæður með a.m.k. eitt barn undir 25 ára á heimili <i>Lone mother families with at least one resident child under 25</i>	12.559	15,4	32.607	12,8	2,60
Mæður, yngsta barn 25 ára eða eldra á heimili <i>Lone mother families, youngest resident son/daughter 25 or older</i>	1.230	1,5	2.576	1,0	2,09

**Tafla 12. Mannfjöldi 15 ára og eldri eftir menntunarstigi og kyni 31. desember 2011**  
 Table 12. Population 15 years and older by education attainment level and sex 31 December 2011

	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
<b>Fjöldi <i>Number</i></b>			
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>249.841</b>	<b>124.558</b>	<b>125.283</b>
Grunnmenntun eða minna <i>ISCED Levels 0, 1 and 2</i>	102.832	47.917	54.915
Engin formleg menntun <i>No formal education</i>	56	19	37
Barna- og unglíngamenntun <i>ISCED Level 1. Primary education</i>	4.474	2.315	2.159
Grunnmenntun <i>ISCED Level 2. Lower secondary education</i>	98.302	45.583	52.719
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Levels 3 and 4</i>	86.087	50.217	35.870
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Level 3. Upper secondary education</i>	76.340	43.723	32.617
Viðbótarstig <i>ISCED Level 4. Post secondary non-tertiary education</i>	9.747	6.494	3.253
Háskólamenntun <i>ISCED Levels 5 and 6</i>	60.922	26.424	34.498
Háskólamenntun <i>ISCED Level 5. First stage of tertiary education</i>	59.191	25.244	33.947
Doktorsmenntun <i>ISCED Level 6. Second stage of tertiary education</i>	1.731	1.180	551
<b>Hlutfallsleg skipting eftir menntunarstigi</b>			
<b><i>Percentage by education attainment level</i></b>			
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
Grunnmenntun eða minna <i>ISCED Levels 0, 1 and 2</i>	41,2	38,5	43,8
Engin formleg menntun <i>No formal education</i>	0,0	0,0	0,0
Barna- og unglíngamenntun <i>ISCED Level 1. Primary education</i>	1,8	1,9	1,7
Grunnmenntun <i>ISCED Level 2. Lower secondary education</i>	39,3	36,6	42,1
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Levels 3 and 4</i>	34,5	40,3	28,6
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Level 3. Upper secondary education</i>	30,6	35,1	26,0
Viðbótarstig <i>ISCED Level 4. Post secondary non-tertiary education</i>	3,9	5,2	2,6
Háskólamenntun <i>ISCED Levels 5 and 6</i>	24,4	21,2	27,5
Háskólamenntun <i>ISCED Level 5. First stage of tertiary education</i>	23,7	20,3	27,1
Doktorsmenntun <i>ISCED Level 6. Second stage of tertiary education</i>	0,7	0,9	0,4
<b>Kynjahlutföll eftir menntunarstigi</b>			
<b><i>Sex ratio by education attainment level</i></b>			
<b>Alls <i>Total</i></b>	<b>100,0</b>	<b>49,9</b>	<b>50,1</b>
Grunnmenntun eða minna <i>ISCED Levels 0, 1 and 2</i>	100,0	46,6	53,4
Engin formleg menntun <i>No formal education</i>	100,0	33,9	66,1
Barna- og unglíngamenntun <i>ISCED Level 1. Primary education</i>	100,0	51,7	48,3
Grunnmenntun <i>ISCED Level 2. Lower secondary education</i>	100,0	46,4	53,6
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Levels 3 and 4</i>	100,0	58,3	41,7
Framhaldsskólamenntun <i>ISCED Level 3. Upper secondary education</i>	100,0	57,3	42,7
Viðbótarstig <i>ISCED Level 4. Post secondary non-tertiary education</i>	100,0	66,6	33,4
Háskólamenntun <i>ISCED Levels 5 and 6</i>	100,0	43,4	56,6
